Bakar í minningu mömmu

Lífið ➤ 30

Bond heilsar, Craig kveður

Lífið ➤ 28

FRÉTTABLAÐIÐ

197. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR | frettabladid.is | FIMMTUDAGUR 7. OKTÓBER 2021

Raufarhólshelli var breytt í kvikmyndasal í fyrsta skipti í gærkvöldi en þá var myndin Labyrinth sýnd þar í iðrum jarðar. Myndin, sem skartar David Bowie heitnum í aðalhlutverki, er hluti af hinni alþjóðlegu kvikmyndahátíð RIFF sem nú er haldin í átjánda skipti. Sátu 65 gestir innst í hellinum og nutu þessarar einstöku sýningar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Óttast að björt farþegaspá rætist ekki

Isavia og Icelandair telja að björt spá um endurreisn farþegaflugs í Evrópu rætist ekki að fullu hér, vegna strangra aðgerða á landamærunum.

gar@frettabladid.is

FLUGMÁL „Það er gríðarlega mikilvægt fyrir Keflavíkurflugvöll, fyrir Icelandair, fyrir Play og íslenskan efnahag allan, að við stöndum okkur jafn vel í endurreisninni og áfangastaðir í kring um okkur," segir Guðmundur Daði Rúnarsson, framkvæmdastjóri viðskipta og þróunar hjá Isavia.

Ný spá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, IATA, gerir ráð fyrir því að á næsta ári muni farþegaflug innan Evrópu aukast um 75 prósent og milli Norður-Ameríku og Evrópu um 65 prósent frá tölum ársins 2019.

„Ef við eigum að ná sama ávinningi og önnur lönd í Evrópu þá verða að vera sambærilegar aðgerðir á landamærunum hér og eru þar," segir Guðmundur. Þar vegi mest skimanir fyrir alla á landamærunum hér. Ekki sé eins þægilegt að koma til Íslands og samkeppnislandanna.

„Ef löndin í kring um okkur verða með mun léttari aðgerðir getum við ekki ætlast til þess að ná sama árangri. Við höfum alveg séð það skýrt að harðar aðgerðir á landamærum hafa áhrif á ferðavilja og á

Guðmundur Daði Rúnarsson, framkvæmdastjóri viðskipta og þróunar hjá Isavia

orðspor Íslands sem áfangastaðar," segir Guðmundur.

Að sögn Guðmundar stefndi í það í lok sumars að hingað myndu fljúga nítján flugfélög, en þau séu nú komin niður í fimmtán. „Flugfélög hafa verið að segja við okkur að þau séu að hugsa um að hætta að fljúga til Íslands vegna þess að það sé minni ferðavilji og þau hafa fullyrt við okkur að það sé út af aðgerðum á landamærum."

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair, segir ljóst að aukið flækjustig hafi neikvæð áhrif.

„Við skerum okkur úr miðað við önnur Evrópuríki hvað varðar þessa þætti og það hefur áhrif á eftirspurnina," segir Bogi. Samræmi í aðgerðum milli landa og fyrirsjáanleiki skipti mjög miklu máli.

„Það er ágætis eftirspurn eftir ferðum hingað núna en ef það verður þannig fram á næsta ár að það verði flóknara og dýrara að koma hingað en annað, þá hefur það áhrif á samkeppnishæfni Íslands sem ferðamannalands," segir Bogi. ■

Skiptar skoðanir á þætti um offitu

HEILBRIGÐISMÁL Umfjöllun um offitu sem sjúkdóm í Kveik á RÚV í fyrrakvöld vakti misjöfn viðbrögð. Sláandi munur er á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu hvað varðar fjölda barna í ofþyngd.

Brynja Þorgeirsdóttir, fréttamaður á RÚV, segir fordóma skýra að hluta hve umfjöllun um holdafar og heilsu er viðkvæm. „Þetta er hópur sem hefur orðið fyrir kerfisbundinni smánun og fordómum frá upphafi vega," segir hún.

Tara Margrét Vilhjálmsdóttir, formaður Samtaka um líkamsvirðingu, segist hafa saknað þess að ekki væri fjallað um þyngdarhlutlausa nálgun í Kveiksþættinum. SJÁ SÍÐU 4

Skortur á pappír frestar tíu bókum

tsh@frettabladid.is

BÆKUR Bjarni Harðarson, eigandi Bókaútgáfunnar Sæmundar, þarf að fresta útgáfu tíu bóka sem áttu að koma út í komandi jólabókaflóði vegna pappírsskorts erlendis.

„Maður sér að jólabókaflóðið, það verður seinna á ferðinni heldur en venjulega og það gæti líka orðið minna að þessu sinni," segir Bjarni.

Bjarni Harðarson, útgefandi

Sumar bækurnar frestast um nokkra mánuði en útgáfur flestra munu hins vegar færast aftur um eitt ár að sögn Bjarna. Bókaútgefandinn segir að um sé að ræða afleidd áhrif vegna Covid-19.

Heiðar Ingi Svansson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, hefur aftur á móti ekki trú á því að pappírsskortur erlendis og tafir í prentsmiðjum muni hafa teljandi áhrif á jólabókaflóðið í ár.

„Þvert á móti sýnist mér bara skráning í Bókatíðindi ganga nokkuð vel og hljóðið í útgefendum vera almennt mjög gott," segir Heiðar Ingi um stöðu mála hjá bókaútgefendum í aðdragana mikils annatíma hjá þeim. ■

Rétt viðbrögð æfð

Forvarnardagur Menntaskólans að Laugarvatni var haldinn í gær en þar voru meðal annars æfð viðbrögð við bílslysi. Slys var sviðsett á svæði skólans og mættu lögreglumenn, slökkviliðsmenn og sjúkraflutningamenn á staðinn til þess að sýna rétt viðbrögð við slíku atviki. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Kvefið komið hingað en flensan ekki

thk@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Mikið hefur verið að gera á heilsugæslum höfuðborgarsvæðisins og töluvert er um símtöl frá foreldrum barna sem veikst hafa af kvefpest. Óskar Reykdalsson, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, segir pestina þó ekki óeðlilega í venjulegu árferði, sér í lagi nú þegar skólarnir eru byrjaðir. Hann segir hina árlegu inflúensu enn ekki farna að ganga í samfélaginu þótt hefðbundnar kvefpestir leiki marga grátt um þessar mundir.

Óskar telur að það sé álíka mikilvægt og áður að láta bólusetja sig gegn inflúensu. Von er á óvenju mörgum skömmtum af inflúensubóluefni til landsins og segir hann að það sé meðal annars vegna aukins áhuga almennings á að mæta í

> Þetta er bóluefni sem fólk hefur þekkt árum saman og tiltölulega fáir hræddir við það. Það leggst almennt ekki illa í fólk.
>
> Óskar Reykdalsson

bólusetningu. Hingað til hafi bóluefnið nánast alltaf klárast og fólk þekki efnið vel. „Þetta er bóluefni sem fólk hefur þekkt árum saman og tiltölulega fáir hræddir við það. Það leggst almennt ekki illa í fólk svo flestir þola það mjög vel." ■

FLATAHRAUNI 31 HAFNARFIRÐI Á MÓTI KAPLAKRIKA
LAGERSALA
LÍN DESIGN
HEFST
Á MORGUN
KL15.00
Lín DESIGN

Semur tónlist við á annað hundrað sjónvarpsþætti

Atli Örvarsson mun ekki sitja auðum höndum í vetur en hann mun semja tónlist við 132 sjónvarpsþætti næstu mánuðina. Atli mun sjá um tónlistina fyrir Hollywood-þættina FBI International þar sem Heiða Rún Sigurðardóttir verður í aðalhlutverki.

bth@frettabladid.is

Atli Örvars hefur í nógu að snúast. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

SJÓNVARP Tveir Íslendingar gegna stóru hlutverki í nýrri Hollywood þáttaröð, FBI International. Tónskáldið Atli Örvarsson semur tónlistina í þættinum og Heiða Rún Sigurðardóttir, Heida Reed, leikur annað aðalhlutverkið af tveimur.

Atli segir að um sé að ræða þriðju syrpuna í FBI-röðinni. Fyrst hafi komið FBI, svo FBI Most Wanted og nú þessi nýja röð, sem hann bætir við fyrri seríur í Hollywood sem hann semur músík við.

„Það eru þrjár Chicaco-seríur og nú eru komnar þrjár FBI-seríur. Það eru sömu framleiðendurnir á bak við þetta allt þannig að ég hef unnið með þeim árum saman.

Ef maður nær að kynnast fólki mjög vel, bæði persónulega og í sköpunarferlinu þá er auðveldara að bæta við," segir Atli.

Hann segir alltaf gaman að leysa þá listrænu áskorun sem birtist í byrjun hverrar seríu. Með nýrri þáttaröð þurfi að finna upp nýtt hjól, finna rétta tóninn, einhvern sannleik.

„Síðan má segja að mitt starf verði meira að leggja hinar stærri listrænu línur og svo er ég með fólk sem klárar að vinna úr því. Það eru augljóslega ekki nógu margir klukkutímar í sólarhringnum fyrir einn mann að gera tónlist við 132 sjónvarpsþætti frá september fram í maí."

> Það eru augljóslega ekki nógu margir klukkutímar í sólarhringnum fyrir einn mann að gera tónlist við 132 sjónvarpsþætti frá september fram í maí.
>
> Atli Örvarsson

Atli flutti til Akureyrar frá Los Angeles fyrir nokkrum árum og stýrir þaðan hópi fólks um víðan völl. „Ég er með frábæra samstarfsmenn í kringum mig, bæði á Íslandi, í Los Angeles og París."

Hann segir áhugavert við nýju

Heiða Rún Sigurðardóttir

þáttaröðina að hún sé tekin upp í Búdapest, sem sé óvanalegt fyrir ameríska sjónvarpsefni. Bragur tónlistarinnar, undirtónninn, sé því alþjóðlegri en oft áður, sem sé skemmtilegt verkefni.

Engin sérstök Íslandstenging sé milli þess að Heiða og Atli vinni að sama verkefninu, heldur hafi Heiða einfaldlega gert frábæra hluti á alþjóðavísu og sé frábær leikkona.

Fyrsti þáttur nýju raðarinnar er farinn í loftið í Bandaríkjunum. 21 milljón Bandaríkjamanna horfði í einni viku samtals á þá þætti sem Atli semur tónlist við. ■

Fullt hús af lífi

Það er alltaf nóg um að vera í Borgarleikhúsinu. Finndu sýningu við þitt hæfi og bókaðu sæti. Við hlökkum til að taka á móti þér!

Fjölbreytt úrval sýninga á næstunni



Tryggðu þér miða á borgarleikhus.is

Bréf Hlífar um leikskólamál í Hafnarfirði sýnir dökkt ástand

benediktboas@frettabladid.is

SKÓLAMÁL Verkalýðsfélagið Hlíf hefur sent Hafnarfjarðarbæ bréf vegna grafalvarlegrar stöðu sem ríki á leikskólum bæjarins. Illa gengur að manna skólana, veikindi eru algeng og skemmri fjarvistir eru tíðar vegna veikinda. Mörg dæmi séu um að fólk sem hafi unnið árum saman í Hafnarfirði hafi farið til starfa í öðrum sveitafélögum. Bréfið var tekið fyrir á fundi bæjarráðs í gær.

Í meira en ár hefur Verkalýðsfélagið fundað með bæjarstjóra og embættismönnum vegna flótta starfsmanna en á þeim fundum hefur verið farið yfir að samanburður kjara við nágrannasveitafélögin sé óhagstæður. Meðal annars vegna þess að nágrannasveitarfélögin greiði starfsmönnum fyrir að sitja í mat með börnunum. Þetta hafi verið í bænum áður fyrr, en verið tekið af vegna efnahagshrunsins og ekki breytt til baka.

Alvarleg staða er í leikskólamálum í Hafnarfirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Undirmönnun bitni á starfsfólki sem þurfi sífellt að hlaupa hraðar. Það bitni á gæðum og heilsu starfsfólks, segir í bréfinu. Mörg dæmi séu um að loka þurfi deildum og senda börn heim vegna undirmönnunar. Fleiri dæmi eru um að átt hafi að loka en það ekki verið gert – sem sé alvarlegt því slíkt geti ógnað öryggi barna og starfsfólks. Bent er á að þolinmæði sé á þrotum. Nauðsynlegt sé að bregðast við strax og ekki bíða fjárhagsáætlunar næsta árs. ■

Komi böndum á húsnæðismarkað

urduryrr@frettabladid.is

EFNAHAGSMÁL Drífa Snædal, forseti ASÍ, segir ákvörðun Seðlabankans um að hækka stýrivexti um 0,25 prósent setja kastljósið á rót vandans í íslensku efnahagslífi, óstöðugan húsnæðismarkað.

Drífa Snædal, forseti ASÍ

„Það er ekki nóg framboð og það þarf að koma einhvern veginn böndum og reglum á húsnæðismarkaðinn," segir Drífa. „Á meðan það er ekki gert þá lifum við í þessu óstöðuga umhverfi þar sem húsnæðisverð þenst upp." ■

Saka blómasala um undanskot

ingunnlara@frettabladid.is

DÓMSMÁL Blómasalarnir Mosad Badr Abdel Salam Mansour og Kristín Jónsdóttir eru ákærð fyrir að hafa veitt tollyfirvöldum rangar og villandi upplýsingar í tengslum við innflutning á blómum.

Háttsemi Mosad og Kristínar laut samkvæmt ákærunni aðallega að smygli á afskornum rósum og blönduðum blómvöndum. Þau eru sögð hafa skotið rúmum 5,7 milljónum undan álagningu aðflutningsgjalda, vegna fjögurra sendinga. Nánar er fjallað um málið á frettabladid.is. ■

Tölfræðin svari gagnrýni á efnistök Kveiks um offitu á landsbyggðinni

Fréttaskýring um tíðni offitu barna á landsbyggðinni í þættinum Kveik á RÚV fyrr í vikunni vakti mikil viðbrögð í samfélaginu. Fréttamaður RÚV segir umfjöllunarefnið viðkvæmt vegna fordóma.

bth@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Holdafarsfordómar eru einu fordómarnir sem enn virðast samfélagslega viðurkenndir, að sögn Brynju Þorgeirsdóttur fréttamanns hjá RÚV, sem vann umtalaða fréttaskýringu fyrir Kveik í fyrrakvöld. Í þættinum var fjallað um offitu sem sjúkdóm þar sem sláandi munur er á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu hvað varðar fjölda barna í ofþyngd. Offita hrjáir nær tíunda hvert grunnskólabarn utan höfuðborgarsvæðisins. Æ fleiri börn leita á Landspítala með alvarlega fylgikvilla eins og fitulifur, kæfisvefn og undanfara sykursýki.

Fordómarnir skýra að hluta hve umfjöllun um holdafar og heilsu er viðkvæm, að sögn Brynju. „Þetta er hópur sem hefur orðið fyrir kerfisbundinni smánun og fordómum frá upphafi vega."

Brynja segir að viðbrögð yfirgnæfandi meirihluta hafi að sýningu þáttarins lokinni verið jákvæð, enda hafi viðmælendur þáttarins verið einlægir og tjáð sig vel. Um neikvæðu viðbrögðin um samband landsbyggðar og offitu og efnahag heimila, vísar Brynja í orð barnalæknis í þættinum um tölfræðilega fylgni milli menntunar, tekna og offitu. En landsbyggðin sé fjölbreyttari en svo að hægt sé að setja íbúa hennar undir einn hatt. „Þessi mál hvetja heilbrigðisyfirvöld sveitarfélaganna til að skoða hvort

Viðkvæmt er að fjalla um offitu sem sjúkdóm og heilbrigðismál vegna fordóma í samfélaginu. FRÉTTALBAÐIÐ/GETTY

Brynja Þorgeirsdóttir, fréttamaður hjá RÚV

eitthvað sé í samfélagsgerðinni sem þurfi að breyta og auka þá framboð á aðstoð," segir Brynja.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem rannsóknir sýna mun á holdafari á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi. Í október 2002 var kynnt rannsókn á áhættuþáttum hjarta- og æðasjúkdóma þar sem mittismál akureyrskra kvenna reyndist 20 sentimetrum meira en hinna hafnfirsku. Akureyrskar konur voru að meðaltali sex kílóum þyngri en hafnfirskar konur. Í fréttum sagði þá að konur á Akureyri væru í meiri áhættu að fá hjarta- og æðasjúkdóma en kynsystur þeirra í Hafnarfirði.

Emil Lárus Sigurðsson, yfirlæknir heilsugæslunnar á Sólvangi í Hafnarfirði, sagði í Morgunblaðinu að niðurstöðurnar hefðu komið verulega á óvart og velti upp sem hugsanlegri skýringu hvort konurnar fyrir norðan væru meiri kyrrsetukonur en kynsystur þeirra fyrir sunnan. Rannsóknin vakti reiði og mikla úlfúð á Akureyri. Sama sagan virðist hafa endurtekið sig í mörgum tilfellum nú, ef marka má tíst

20

Um aldamótin reyndist mittismál akureyrskra kvenna 20 sentimetrum meira en hjá hinum hafnfirsku.

á Twitter og Facebook-færslur um landsbyggðar- og fátæktarfordóma.

Tara Margrét Vilhjálmsdóttir, félagsráðgjafi og formaður Samtaka um líkamsvirðingu, segist hafa saknað þess að fjallað væri í Kveiksþættinum um þyngdarhlutlausa nálgun. Aðeins hafi verið fjallað um offitu út frá þyngdarmiðaðri nálgun, einblínt hafi verið á þyngd sem rót vandans. Betra væri að nálgast málið út frá heilsuvenjum og öðru en þyngd. „Þetta var einhliða umfjöllun, sem var synd því að margra mati er þyngdarhlutlaus nálgun skaðaminni," segir Tara Margrét, en segir þó að mjög margt gott hafi komið fram í þættinum.

Tuttugu og þrjú prósent þungaðra kvenna hafa líkamsþyngdarstuðul 30 eða hærri samkvæmt nýjum tölum frá landlækni. Hefur hlutfallið hækkað frá árinu 2016 þegar hann var 19 prósent. Embættið segir að ef stuðullinn mælist 30 eða hærri séu auknar líkur á ýmsum vandamálum á meðgöngu hjá konum, svo sem meðgöngusykursýki, háþrýstingi, meðgöngueitrun, blóðtappa, þungbura og vaxtarseinkun í lok meðgöngu og fósturdauða. Auk þess séu meðfæddir sköpulagsgallar og fósturlát algengari hjá þessum hópi kvenna. ■

FYRIR MÖMMU, FYRIR VINKONUR, FYRIR EIGINKONUR, SYSTUR OG DÆTUR

KAUPUM BLEIKU SLAUFUNA

á bleikaslaufan.is og á sölustöðum um allt land 1.-15. október

Rannsóknir, forvarnir, bætt meðferð og greining,
stuðningur og ráðgjöf hafa tvöfaldað lífslíkur síðustu 50 ár.
Við ætlum að ná enn meiri árangri!

Krabbameinsfélagið

KONTOR REYKJAVÍK

Sögulegur áfangi hefur náðst í baráttunni við malaríu

hjorvaro@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Mikilvægur áfangi hefur náðst í baráttunni við hinn illvíga sjúkdóm malaríu, sem leggst aðallega á börn og ungbörn. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, hefur veitt samþykki fyrir notkun bóluefnis gegn malaríusmiti á stærra svæði í Afríku en áður hefur verið gert.

Sýnt var fram á virkni bóluefnisins RTS, S gegn malaríusmiti á rannsóknarstofu fyrir sex árum síðan, en það var breska fyrirtækið GlaxoSmith sem þróaði það og framleiddi. Bóluefnið hefur verið prófað undanfarin ár á um það bil 800.000 börnum í Gana, Kenýa og Malaví. WHO hefur nú veitt samþykki fyrir því að að bólusetja börn sunnan Sahara og á öðrum svæðum Afríku.

Til stendur að bólusetja gegn malaríu um alla Afríku. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Doktor Tedros Adhanom Ghebreyesus, framkvæmdastjóri WHO, segir þetta sögulega og langþráða stund og bólusetning gegn malaríu fyrir börn sé bylting fyrir læknavísindin og heilsu barna. „Bólusetning með þessu bóluefni getur bjargað tugum þúsunda barna á hverju ári," segir hann.

> **Bólusetning með þessu bóluefni getur bjargað tugum þúsunda barna á hverju ári.**
>
> Doktor Tedros Adhanom Ghebreyeos, framkvæmdastjóri WHO

Bóluefnið virðist veita 39 prósenta vörn gegn malaríusmiti og 29 prósenta vörn gegn alvarlegum malaríueinkennum hjá börnum. Þá sé vörnin umtalsvert meiri sé bóluefnið notað samhliða öðrum malaríulyfjum. ■

Notendur Twitch voru berskjaldaðir.

Mikill gagnaleki varð hjá Twitch

hjorvaro@frettabladid.is

TÆKNI Gríðarlegt magn gagna lak frá streymisþjónustunni Twitch og tölvuþrjótar komust yfir trúnaðarupplýsingar fyrirtækja og fjárhagsupplýsingar notenda þjónustunar.

Meira en 100 gígabæt af gögnum notenda Twitch birtust á vefnum. Þar segir að þeir sem nota Twitch mest hafi þénað milljónir dollara síðustu tvö ár, á því að nota veituna.

Fortnite-spilarar staðfestu við BBC að upplýsingar sem fram komu um þá í lekanum væru réttar. Í yfirlýsingu Twitch sem birt var á Twitter staðfesti fyrirtækið lekann. ■

Spyrna fótum við kaupum að utan

hjorvaro@frettabladid.is

FÆREYJAR Frumvarp hefur verið lagt fram á færeyska þinginu sem takmarkar eignarhald erlendra einstaklinga og aðila á fasteignum.

Verði lögin samþykkt þurfa einstaklingar, búsettir utan Færeyja, leyfi ráðherra til fasteignakaupa. Lögin munu ekki ná til þeirra sem hafa búið í Færeyjum eða annars staðar í Danaveldi í fimm ár. Í greinargerð segir að Íslendingar muni áfram njóta sömu réttinda og Færeyingar við fasteignakaup. ■

Óánægja með Brexit fer enn vaxandi

Sigrún Sævarsdóttir-Griffiths þarf aðstoð Facebook til að kaupa bensín í London og kaupir í matinn á netinu. Ný könnun YouGov sýnir að yfir helmingur Breta er óánægður með hvernig Brexit hefur gengið.

thorvardur@frettabladid.is

BRETLAND Meirihluti Breta telur að útganga Bretlands úr Evrópusambandinu um áramótin hafi ekki tekist vel. Þetta kemur fram í nýrri könnun YouGov en kosið var um útgönguna sumarið 2016. Þótti einungis 18 prósentum svarenda Brexit hafa gengið vel eða afar vel. Samkvæmt könnun YouGov í júní voru 38 prósent svarenda sátt.

Frá júní hefur þeim sem ósátt eru við stöðuna eftir Brexit fjölgað um 15 prósent. Nú segja 53 prósent Brexit hafa tekist illa, þar af segja 32 prósent að hún hafi tekist afar illa. Þá telja 21 prósent að útgangan hafi hvorki gengið vel né illa og átta prósent vissu það ekki.

Undanfarið hefur gætt vöruskorts á Englandi, einkum á eldsneyti í London og í suðausturhluta landsins. Breski herinn hefur verið kallaður til og aðstoðað við eldsneytisflutninga. Sömuleiðis hafa viðskiptavinir oft gengið fram á tómlegar hillur í verslunum.

Skortur er á vörubílstjórum í Bretlandi, en er landið var enn í sambandinu sinntu bílstjórar frá meginlandinu einkum slíkum störfum. Nú þurfa þeir vegabréfsáritun til þess, en stjórnvöld hafa tilkynnt að 5.500 erlendir bílstjórar fái tímabundið starfsleyfi í Bretlandi.

Í nýrri könnun Byline Times sögðu 74 prósent svarenda að Brexit væri ástæða skorts á vörubílstjórum. Einungis 13 prósent töldu að fyrir því væru aðrar ástæður.

Sigrún Sævarsdóttir-Griffiths, tónlistarkona og kennari við Guildhall School of Music & Drama, er búsett í suðausturhluta London ásamt eiginmanni sínum og börnum. Hún segir að ástandið hafi ekki fram hjá sér, einkum þar sem þau búi í næstu götu við bensínstöð. Þau reyni að nota fjölskyldubílinn sem minnst.

Óvirkar eldsneytisdælur á bensínstöð í London enda ekkert eldsneyti að hafa þar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> **Við heyrum kór af bílflautum, við vitum alltaf þegar það er til bensín þar því þá kemur bílflautukórinn í hverfið.**
>
> Sigrún Sævarsdóttir-Griffiths

„Bensínskorturinn er mjög áberandi. Við heyrum kór af bílflautum, við vitum alltaf þegar það er til bensín þar því þá kemur bílflautukórinn í hverfið. Það myndast röð upp alla götuna og fólk situr þar. Ferlið við það að kaupa bensín er þannig að fyrst setur maður póst inn á Facebook-hóp fyrir það svæði sem maður býr og spyr samfélagið hvort einhver viti hvar sé bensín. Þá fær maður skilaboð um hvar það sé fáanlegt og hve löng bið sé eftir bensíni. Svo fer maður af stað."

Sigrún hefur minna orðið vör við vöruskort í matvöruverslunum í hverfinu. Fjölskyldan kaupi aðallega inn í gegnum netið en listinn yfir þær vörur sem ekki eru í boði þar hafi lengst mikið að undanförnu. Hlutir sem voru áður hefðbundinn hluti af innkaupum hafi oft og tíðum ekki verið fáanlegir svo vikum skiptir.

„Þetta er búið að vera hægfara bílslys síðan 2016," segir Sigrún um ástandið. Sú staða sem nú sé uppi sé nákvæmlega sú staða sem andstæðingar hafi varað við í aðdraganda Brexit-kosninganna 2016. „Brexitliðar eru að segja að þetta sé ekki það Brexit sem við kusum. Það sem hinir segja er að ykkar Brexit var aldrei til, það var fantasía. Það var aldrei raunveruleikinn, þið voruð aldrei að fara að fá það." ■

Landsvirkjun

GRÆN MATVÆLAFRAMLEIÐSLA

Orka, tækni og dass af snjallræði

Með hátæknilausnum getum við framleitt matvæli á umhverfisvænan hátt, skapað spennandi störf og nýtt orkuna okkar betur en nokkru sinni fyrr.

landsvirkjun.is/framtidin



BIOTHERM KYNNING

DAGANA 7. - 13. OKTÓBER

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BIOTHERM VÖRUM

VELDU ÞINN KAUPAUKA

Glæsilegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru Biotherm vörur fyrir 8.900 kr eða meira á meðan birgðir endast.

BLUE THERAPY

Red Algae krem 10 ml, næturkrem 5 ml, Life Plankton augnkrem 5 ml, Life Plankton ELIXIR 7 ml og Total Renew Oil 30 ml.

AQUASOURCE

Aquasource Gel 20 ml, Night SPA krem 20 ml, Life Plankton ELIXIR 7 ml, Eau Micellaire vatn 30 ml og Lait Corporel body lotion 40 ml.

HAGKAUP
Snyrtivara

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS
www.gigt.is

Gigtarfélag Íslands - 45 ára

Málþing - Gigtarsjúkdómar frá bernsku til efri ára

Laugardaginn 9. október frá 10:00 til 16:00 á Grand Hótel - Gullteigur

Dagskrá:

10:00 - 10:15	Opnun - Dóra Ingvadóttir formaður GÍ
10:15 - 10:25	Tónlist - Tryggvi H. Gígjuson
10:25 - 10:50	Barnagigt - Og hvað svo? - Judith Amalía Guðmundsdóttir, barnagigtarlæknir, Sólrún W. Kamban, barnahjúkrunarfræðingur, Zinajda A. Licina, félagsráðgjafi og Drífa Björk Guðmundsdóttir, sálfræðingur
10:55 - 11:20	Barnagigt - Nýleg íslensk rannsókn, hreyfing og verkir - Judith Amalía Guðmundsdóttir, barnagigtarlæknir, Þjóðbjörg Guðjónsdóttir, lektor í sjúkraþjálfun HÍ
11:25 - 11:40	Kaffihlé
11:40 - 11:45	Tónlist - Tryggvi H. Gígjuson
11:45 - 12:10	Barnagigt - Nýleg íslensk rannsókn, líðan, lífsgæði og upplifun af heilbrigðisþjónustu - Sólrún W. Kamban, barnahjúkrunarfræðingur og Drífa Björk Guðmundsdóttir, sálfræðingur
12:15 - 13:05	Matarhlé
13:05 - 13:10	Tónlist - Tryggvi H. Gígjuson
13:10 - 13:35	Slitgigt - Stóraukin þekking, en hvenær er von á læknandi lyfjum? Helgi Jónsson, prófessor og gigtarlæknir
13:40 - 14:05	Hefur lífstíll áhrif á iktsýki - Sædís Sævarsdóttir, gigtarlæknir
14:10 - 14:25	Kaffihlé
14:25 - 14:30	Tónlist - Tryggvi H. Gígjuson
14:30 - 14:55	Líftæknilyfjameðferð á Íslandi, hvað er nýtt - Gerður Gröndal gigtarlæknir
15:00 - 15:25	Skóli og barn – Fríða Kristín Magnúsdóttir, móðir
15:30 - 15:45	Samantekt- Emil Thoroddsen, framkvæmdarstjóri GÍ
15:45	Málþingi slitið - Dóra Ingvadóttir formaður GÍ

Hægt verður að fylgjast með dagskránni á Facebooksíðu Gigtarfélagsins.

Horfa fram á vöxt í útgáfu fyrirtækjaskuldabréfa

Viðmælendur Markaðarins telja að fyrirtækin muni nýta sér fyrirtækjaskuldabréfamarkaðinn til fjármögnunar í meiri mæli á komandi misserum.

magdalena@frettabladid.is

Steingrímur Finnsson segir að fyrirtækjaskuldabréfamarkaðurinn hafi þroskast umtalsvert á undanförnum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Á undanförnum árum hefur fyrirtækjaskuldabréfamarkaðnum vaxið fiskur um hrygg en þó ekki jafn hratt og margir höfðu vonað. Umfangið hefur nánast staðið í stað frá áramótum en viðmælendur Markaðarins eru sannfærðir um að hann muni vaxa allhratt á komandi misserum.

Magnús Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar á Íslandi, segir að það séu vonbrigði að ekki hafi orðið meiri vöxtur á þessum markaði en raun ber vitni. „Það sem slær mig er að stærðin hefur nokkurn veginn staðið í stað þegar maður lítur á umfang fyrirtækjaskuldabréfa í Kauphöllinni núna og síðan um áramótin eða fyrir ári, þótt það hafi verið örlítill vöxtur frá áramótum. Þetta er svipuð þróun og við sjáum í útlánum bankanna," segir Magnús og bætir við að hann hafi átt von á að sjá meiri færslu frá bönkunum yfir í markaðsfjármögnun.

Steingrímur Finnsson, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta hjá Fossum mörkuðum, segir að fyrirtækjaskuldabréfamarkaðurinn hafi þroskast umtalsvert á undanförnum árum.

„Við verðum að líta til þess í þessari umræðu hversu fábrotinn íslenskur verðbréfamarkaður var lengi vel eftir 2008 og í mörg ár voru afar fá félög skráð á markað og skuldabréfamarkaðurinn var meira og minna nýttur af ríkinu og örfáum sveitarfélögum. Þannig að ef við tökum tillit til þess þá sjáum við að hann hefur sannarlega tekið stakkaskiptum," segir Steingrímur og bætir við að þróunin hafi verið í takt við væntingar. „Það er mikil gróska á markaðnum og hún mun færast í aukana."

Þeir kveðast báðir vera mjög bjartsýnir á það að fyrirtækjaskuldabréfamarkaðurinn muni þróast enn frekar á komandi árum. Magnús segir að með sterku hagkerfi skapist grundvöllur fyrir frekari þróun markaðarins. „Við erum með sterkt hagkerfi, og undirstöðurnar í hagkerfinu eru svo miklu sterkari en áður, þannig að ég tel líklegt að fjárfestar horfi til fjölbreyttari kosta á skuldabréfamarkaði, ekki einungis ríkistryggðra og eignatryggðra bréfa."

Steingrímur tekur í sama streng og segir að fyrirtækjaskuldabréfamarkaðurinn muni koma til með að taka stórt stökk á komandi árum. „Ég tel einsýnt að fleiri fyrirtæki, sveitarfélög og viðlíka aðilar muni sjá sér hag í að nýta sér markaðinn til fjármögnunar, enda jarðvegurinn frjór í þeim efnum, " segir hann og bætir við að það hafi skipti miklu máli fyrir grósku markaðarins að ekki sé um að ræða einsleitar útgáfur. „Markaðurinn grundvallaðist lengi vel að mestu á tiltölulega einsleitum verðtryggðum útgáfum til handa stofnanafjárfestum. En nú er svo komið að markaðurinn býður upp á ýmiss konar útgáfur miðaðar að mismunandi fjárfestahópum. Einnig hafa verið stigin stór skref í útgáfu grænna og sjálfbærra skuldabréfa sem hafa hlotið mjög góðar viðtökur á markaði."

Magnús tekur undir að áherslan á grænar og sjálfbærar útgáfur muni koma til með að hafa jákvæð áhrif á markaðinn. „Ef við lítum til þessara grænu bréfa eða sjálfbæru bréfa sérstaklega þá liggja þar sérstök tækifæri því þar liggur svo mikill áhugi í dag og þar erum við með ónotuð tækifæri gagnvart erlendu

Magnús Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar á Íslandi

fjárfestunum. Ýmis fyrirtæki eins og til dæmis í orku- og fasteignageiranum eru í góðri stöðu til að nýta sér græna fjármögnun. Við höfum verið að sjá töluverðan vöxt í sjálfbæru bréfunum."

Steingrímur bætir við að Ísland sé eftirbátur annarra þjóða ef litið er til þróunar á fyrirtækjaskuldabréfamarkaði en telur að fljótt verði breyting þar á.

„Ísland er eitt af þróuðustu ríkjum heims með tiltölulega vanþróaðan fjármagnsmarkað. Ef við horfum á hið alþjóðlega umhverfi hefur svokallað skuggabankakerfi og markaðsfjármögnun orðið mun stærri farvegur við miðlun fjármagns í hagkerfinu á undanförnum áratug. Ísland er eftirbátur í þeim efnum og er markaðurinn að mínu mati um fimm til sjö árum á eftir þeirri þróun sem orðið hefur á erlendri grundu. Ég tel ljóst að skuldabréfamarkaðurinn muni verða enn raunhæfari kostur við fjármögnun fyrirtækja, sveitarfélaga og annarra útgefenda – og þegar fram líða stundir fýsilegasti valmöguleikinn sem þessum aðilum mun bjóðast." ■

Vextir hækkuðu eftir að sveitarfélög fylgdu ekki varnaðarorðum

helgivifill@frettabladid.is

Ingólfur Bender, aðalhagfræðingur Samtaka iðnaðarins

Ingólfur Bender, aðalhagfræðingur Samtaka iðnaðarins (SI), segir að stýrivaxtahækkun Seðlabankans í gær um 0,25 prósent, eða alls í 1,5 prósent, hafi verið viðbúin. Verðbólga, sem sé 4,4 prósent, hafi verið þrálát að undanförnu og verðbólguvæntingar yfir 2,5 prósenta markmiði bankans. Verðhækkun íbúða hafi stuðlað að aukinni verðbólgu.

„Horft fram hjá húsnæðislið er verðbólga nánast við markmið Seðlabankans. Það sýnir að stýrivaxtahækkunin nú er til að bregðast við hækkunum á íbúðaverði," segir hann.

Ingólfur segir að verðhækkun íbúða megi annars rekja til þess að framboðsskortur hrjái íbúðamarkaðinn á sama tíma og eftirspurn sé mikil. Sögulega lágir vextir hafa, ásamt vaxandi kaupmætti launa, leitt til aukinnar eftirspurnar. Hins vegar sé vandinn sá að framboð af íbúðum sé tiltölulega lítið. „Hillurnar fyrir nýjar íbúðir eru tómar. Lítið framboð af lóðum af hálfu sveitarfélaga takmarkar framboðið. Afleiðingin er hækkun verðs íbúða, aukin verðbólga og hærri vextir. Afborganir lána heimilanna hækka og kaupmáttur ráðstöfunartekna rýrnar. Veldur þetta óróleika á vinnumarkaði en ljóst er að íbúðamálin verða stór þáttur í komandi kjaraviðræðum. Afleiðingarnar eru því alvarlegar," segir hann.

Ingólfur bendir á að Samtök iðnaðarins hafa á síðustu misserum bent á hættumerkin. Samdrátt í íbúðum á fyrstu byggingarstigum í talningu SI mátti greina árið 2018. Vöruðu samtökin strax þá við þeirri þróun. „Í fyrra var samdrátturinn orðinn það mikill að íbúðir á þessum byggingarstigum voru orðnar sögulega mjög fáar. Er þetta að koma fram í framboðsskorti nú. Staðan var fyrirséð. Athafnir sveitarfélaga fylgdu ekki varnaðarorðum. Því eru vextir hækkaðir nú," segir Ingólfur.

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri sagði í gær þegar stýrivaxtahækkun var kynnt að Seðlabankinn teldi að hækkanir á fasteignaverði væru tímabundnar. Rannveig Sigurðardóttir aðstoðarseðlabankastjóri sagði að búið væri að „toga í ýmsar bremsur". Stýrivextir hefðu verið hækkaðir, veðlánahlutföll aukin og komið á hámarki á greiðslubyrði kaupenda. Hún sagði einnig að von væri á auknu framboði af íbúðum. ■

Pizza Hut

TÆKIFÆRI TIL AÐ

PANNA SIG

PÖNNUTILBOÐ ALLA DAGA Í OKTÓBER

STÓR PIZZA ★ 1.590

PEPPERONI • HAWAII • MARGARITA • EF ÞÚ SÆKIR

pizzahut.is - 515 1617 - Smáralind og Staðarbergi 2-4 Hafnarfirði

Þorvaldstindur gnæfir yfir sunnanverðu Öskjuvatni en það varð til við eldsumbrot í Öskju sumarið 1875. Hér er horft í vesturátt að tindinum en norðan hans er eyjan Askur.
MYND/TG

Bautasteinn vísindarisa

Tómas Guðbjartsson
hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi

Ólafur Már Björnsson
augnlæknir og ljósmyndari

Hæsti tindur Dyngjufjalla er Þorvaldstindur sem gnæfir 1.516 metra hár á norðanverðu hálendinu. Þorvaldstindur er afar fáfarinn en hann er nefndur í höfuðið á Þorvaldi Thoroddsen (1855-1921), einum frægasta jarð- og náttúrufræðingi Íslendinga fyrr og síðar, en þann 28. september síðastliðinn voru 100 ár frá andláti hans. Þorvaldur var hraustmenni og mikill ferðagarpur sem ferðaðist ríðandi um landið vítt og breitt í fjölda rannsóknarleiðangra. Varð hann heimsfrægur fyrir rannsóknir sínar en hann ritaði fjölda vísindaritgerða og bóka sem margar teljast tímamótaverk. Má þar nefna Lýsingu Íslands, Ferðabók, Landfræðisögu Íslands, Landskjálfta á Íslandi og Oversigt over de islandske Vulkaners Historie en einnig gaf hann út jarðfræðikort af Íslandi.

Í suðri sést vel í Vatnajökul og Kverkfjöll, í vestri Trölladyngju og norðan hennar Kollóttudyngju og Herðubreið, en lengra í austur Snæfell.

Það var í rannsóknarferð í Öskju sumarið 1876 sem Þorvaldur heillaðist af hálendi Íslands. Leiðangrinum stýrði danski jarðfræðingurinn Fredrik Johnstrup og var tilgangurinn að rannsaka umbrotin árið áður þar sem gríðarlegt sprengigos varð í Víti og 8 ferkílómetra stórt og 220 metra djúpt Öskjuvatn varð til. Það var engin lognmolla í kringum Þorvald frekar en Öskjusvæðið sem tindur hans vakir yfir, en frá andláti hans hafa orðið þar nokkur eldgos og sumarið 2014 varð þar stærsta bergskrið frá landnámi.

Tilvalið er að hefja göngu á Þorvaldstind frá bílastæðinu við Vikraborgir. Haldið er suður að Víti, meðfram Bátshrauni og síðan upp brekkur austan Öskjuvatns. Þar er fylgt fjallgarði að Þorvaldstindi beint suður af vatninu. Brekkurnar eru aðallega laus vikur og því mikilvægt að halda sig frá ótraustum brúnum sem snúa að vatninu. Hátindinn prýða tignarleg ókleif björg en meðfram þeim sést vel yfir Öskju og sést nánast beint ofan í heiðblátt Öskjuvatn. Í suðri sést vel í Vatnajökul og Kverkfjöll, í vestri Trölladyngju og norðan hennar Kollóttudyngju og Herðubreið, en lengra í austur Snæfell. Af Þorvaldstindi má halda göngunni áfram til vesturs og ganga þannig í kringum Öskjuvatn, en hringurinn frá Vikraborgum er samtals í kringum 25 kílómetrar. Annar valkostur, og 7 kílómetrum lengri er að hefja gönguna í skála Ferðafélags Akureyrar í Drekagili og er þá fyrst gengið yfir norðanverð Dyngjufjöll að áðurnefndum hrygg að Þorvaldstindi. Í göngu á Þorvaldstind er tilvalið að minnast garpsins sem þessi tilkomumikli tindur er nefndur eftir, en verðugri bautastein er varla hægt að hugsa sér um einn mesta vísindamann okkar Íslendinga. ■

Efsta hluta Þorvaldstinds prýða tignarleg en illkleif björg sem best er að láta eiga sig, enda mikil hætta á grjóthruni.
MYND/TG

Þorvaldstindur séður úr vestri frá Mývetningahrauni.
MYND/TG

KRÆSILEG HELGARTILBOÐ

GILDA 7.–10. OKTÓBER

NAUTALUND ½

FERSK

3.299 KR/KG

ÁÐUR: 5.499 KR/KG

40% AFSLÁTTUR

40% AFSLÁTTUR

Grísasteik
Með pestó- og ostafyllingu

1.379 KR/KG

ÁÐUR: 2.299 KR/KG

34% AFSLÁTTUR

Côte de boeuf
Kálfasteikur

3.497 KR/KG

ÁÐUR: 5.298 KR/KG

22% AFSLÁTTUR

Hamborgarhryggur

1.392 KR/KG

ÁÐUR: 1.784 KR/KG

25% AFSLÁTTUR

Sofðu rótt
Iceherbs - 60 stk

1.274 KR/STK

ÁÐUR: 1.699 KR/STK

20% AFSLÁTTUR

Kjúklingapottréttur
í tikka masala - 600 g

1.199 KR/PK

ÁÐUR: 1.499 KR/PK

20% AFSLÁTTUR

Kjúklingapottréttur
í karrý-mangó - 600 g

1.199 KR/PK

ÁÐUR: 1.499 KR/PK

20% AFSLÁTTUR

Lambamjaðmasneiðar
Þykkar

2.399 KR/KG

ÁÐUR: 2.999 KR/KG

50% AFSLÁTTUR

Vínberjatvenna
500 g

299 KR/PK

ÁÐUR: 598 KR/PK

nettó

Lægra verð – léttari innkaup

SPARAÐU EINS OG MEISTARI MEÐ SAMKAUPA-APPINU

Skráðu þig á meistaramanudur.is

Náðu í appið og safnaðu inneign. Þú getur notað Samkaupa-appið í öllum verslunum Nettó.

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Nei er svarið

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Ekki er eðlilegt að boð komi að ofan um það hversu margir einstaklingar megi koma saman við ákveðnar athafnir og hversu margir megi vera í búðum og á veitingastöðum. Þetta eru dæmi um þau höft og bönn sem einstaklingar hafa búið við á Covid-tímum og ætlast er til að þeir taki hátíðlega án þess að spyrja krefjandi spurninga. Covid-tíminn hefur sýnt okkur fram á margt, meðal annars það hversu auðvelt er að hræða fólk og gera það svo auðsveipt að það fer jafnvel að líta á óeðlilegt ástand sem venjulegt.

Höft og bönn eru ekki við lýði í sama mæli og áður en fyrirfinnast þó enn, jafnvel þótt þjóðin komist nálægt því að eiga heimsmet í bólusetningum. Er til dæmis sjálfsagt að loka móður og níu ára dóttur hennar inni í litlu herbergi, svalalausu, á sóttvarnahóteli í tíu daga? Stúlkan er með Covid en móðirin ekki og smitast ekki af dóttur sinni. Dóttirin er með afar góða skapgerð og tryllist ekki við innilokunina heldur reynir að sætta sig við frelsissviptingu, þótt hún bresti vitanlega í grát í fangi móður sinnar. Þetta er stúlka sem hefur unun af íþróttum og nýtur þess að hreyfa sig. Hún skal læst inni dögum saman. Það hlýtur að vera rétt að spyrja hvort svona grimmileg aðgerð sé virkilega nauðsynleg. Nei, er svarið.

Hversu oft hefur ekki verið margtuggið ofan í okkur að við þurfum að lifa með Covid? Samt er eins og aðgerðir miðist að því að uppræta veiruna með hörðum aðgerðum sem nær ómögulegt er að réttlæta. Alvarleg veikindi eru ekki grasserandi í landinu vegna Covid og fólk er ekki að deyja úr sjúkdómnum. Það er ekki réttlætanlegt að halda svo rígfast í íþyngjandi aðgerðir. ■

> Hversu oft hefur ekki verið margtuggið ofan í okkur að við þurfum að lifa með Covid?

Tilboðið

Píratar buðust til þess á dögunum að styðja minnihlutastjórn Framsóknarflokks, Vinstri grænna og Samfylkingar. Þetta gerði vitanlega mikla lukku hjá Samfylkingunni. Á flestum öðrum bæjum er litið á tilboðið sem brandara. Píratar eru þekktir fyrir að stunda upphrópunarstjórnmál og við blasir að stuðningur þeirra myndi aldrei halda, nema í einhverja mánuði. Þetta vita formenn Vinstri grænna og Framsóknarflokks, sem og meginþorri þjóðarinnar. Sum tilboð eru einfaldlega ekki svara verð. ■

Halldór

Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is

Alma hundsuð
Í byrjun árs vakti Alma Möller landlæknir athygli Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra á umfangi offitu barna. Eins og þjóðin veit er gott að hlusta á ráð Ölmu. Í þætti Kveiks kom fram að offita hrjáir nær tíunda hvert grunnskólabarn utan höfuðborgarsvæðisins. Æ fleiri börn leita á Landspítala með alvarlega fylgikvilla, svo sem fitulifur, kæfisvefn og undanfara sykursýki. Alma var ekki með neinar lausnir en nokkrar hugmyndir og vildi setja saman hóp til að gera tillögur að aðgerðum. Pólitískur vilji er þó ekki meiri en svo að ráðherra hefur ekki skipað í starfshópinn. Þáttur Kveiks kannski flýtir þeirri skipan. Tilefnið er jú ærið.

Matartími
Í minnisblaði Ölmu kemur fram að mataræði barna er skelfilegt og byggt á snakki, sælgæti, ís, kexi og kökum. Það sé reyndar byggt á rannsókn sem gerð var fyrir áratug eða svo og nauðsynlegt sé að gera nýja. En einnig er farið í skólamötuneytin og mælt með að börn fái nægan tíma til að matast. Ekkert barn, hvar sem það býr, hefur komið heim eftir skóla og sagt að það hafi fengið nægan tíma til að matast í skólanum. Sum fá varla tíma til að matast því þau þurfa að vera mætt í sundkennslu eða leikfimi – eins gáfulegt og það er. ■

Brjóta þyrfti land í Reykjavík undir byggð

Kolbrún Baldursdóttir
oddviti Flokks fólksins í borgarstjórn Reykjavíkur

> Ævintýralegar upphæðir hafa streymt í alls konar stafræn tilraunaverkefni til að borgin geti verið stærst og mest á heimsmælikvarða.

Fulltrúi Flokks fólksins rakti helstu vanefndir þessa meirihluta á fundi borgarstjórnar 5. október síðastliðinn með því að fara í gegnum meirihlutasáttmála hans.

Íbúðaskortur og biðlistar eru kjarninn í vanefndum þessa meirihluta, sem er þvert á það sem stendur í meirihlutasáttmálanum, þar sem segir að byggja eigi sem aldrei fyrr. Samt hafa aldrei verið færri íbúðir á markaði í Reykjavík frá 2017. Ástæðan er skortur á lóðaframboði. Lóðaskorturinn kemur í veg fyrir hagkvæma húsnæðisuppbyggingu á þéttingarreitum. Margir sérfræðingar hafa stigið fram og bent á þetta, til dæmis Samtök iðnaðarins og seðlabankastjóri sem nefndi að brjóta þyrfti land í Reykjavík undir byggð. Nú eru eingöngu um 3.400 íbúðir í byggingu en byggja þarf árlega 3.000-3.500 nýjar íbúðir ef vel ætti að vera.

Aðrar vanefndir
Langur biðlisti er eftir félagslegri leiguíbúð og sértæku húsnæði fyrir fatlaða.

Fátækt er vandamál í Reykjavík. Lágtekjufólk á ekki mikið eftir milli handanna þegar búið er að borga leiguna. Hópurinn sem leitar til hjálparstofnana hefur stækkað. Á þremur árum hefur biðlisti eftir fagfólki í skólaþjónustu þrefaldast og nú bíða 1.448 börn á listanum. Á sama tíma sýna kannanir að andleg líðan barna fer versnandi.

Ekki voru efnd loforð um sveigjanleg starfslok eldra fólks. Atvinnutækifæri fatlaðs fólks og fólks með skerta starfsgetu eru sárafá. Grænum áherslum hefur verið hampað á meðan metan er brennt á báli í stórum stíl. Ævintýralegar upphæðir hafa streymt í alls konar stafræn tilraunaverkefni til að borgin geti verið stærst og mest á heimsmælikvarða. Fátt er um afurðir, hvar er t.d. „Hlaðan“ og Gagnsjáin, nýtt skjala- og upplýsingakerfi sem átti að koma í notkun fyrir tveimur árum?

Ekki skal undra ef einhverjir eru farnir að telja niður þetta kjörtímabil í þeirri von að nýr meirihluti breyti forgangsröðun verkefna í þágu þjónustu við fólk, börn, öryrkja og eldri borgara. ■

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*,
FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is*
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Hvaða frávik eru leyfileg?

Af Kögunarhóli

Þorsteinn Pálsson

Landskjörstjórn gaf út kjörbréf eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið sýnt fram á að meðferð kjörgagna og endurtalning atkvæða í Norðvesturkjördæmi hefði verið samkvæmt lögum.

Þó að landskjörstjórn úrskurði ekki um gildi kosninga getur hún tekið afstöðu til þess hvort annmarkar hafi verið á framkvæmdinni. Það gerði hún þegar kosningar til stjórnlagaþings voru kærðar til Hæstaréttar 2011.

Óvissa

Alþingi tekur nú í fyrsta skipti við kjörbréfum með efasemdum landskjörstjórnar um að framkvæmd endurtalningar í einu kjördæmi hafi fullnægt lagaskilyrðum í veigamiklum atriðum. Og niðurstaðan hefur skiljanlega verið kærð.

Þetta hefur valdið óvissu um hverjir eru réttkjörnir alþingismenn. Slík réttaróvissa, sem snýr að sjálfri undirstöðu lýðræðisins, er fordæmalaus.

Ágalli

Ólafur Jóhannesson vék að þeim ágalla í riti sínu Stjórnskipun Íslands, sem út kom 1960, að Alþingi skæri sjálft úr um gildi eigin kjörbréfa. Vandamálið er því löngu þekkt, en breytir ekki hinu að fara verður að gildandi stjórnskipunarreglum.

Þingið þarf ekki að eyða miklum tíma í rannsóknir. Það á fyrst og fremst að meta lagarök málsaðila, kærenda og dómsmálaráðuneytis, sem er æðsti framkvæmdavaldshafinn, sem ber ábyrgð á framkvæmd kosninganna.

Verulegir annmarkar á framkvæmd kosninga eru forsenda ógildingar. Helsta fordæmið þar að lútandi er ákvörðun Hæstaréttar um ógildingu kosninga til stjórnlagaþings.

Fordæmi

Í því tilviki komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að í fimm atriðum hefðu verið annmarkar á framkvæmd kosninganna og þar af verulegir í tveimur. Annar verulegu annmarkanna laut að því að umboðsmenn voru ekki kallaðir til.

Í Norðvesturkjördæmi varð einmitt misbrestur á viðveru umboðsmanna.

Hæstiréttur ógilti stjórnlagaþingskosninguna með tilvísun í öll fimm atriðin. En hann tók ekki beint afstöðu til þess hvort annað, eða bæði atriðin þar sem annmarkar voru verulegir, hefði dugað til sömu niðurstöðu.

Alltént hefur Hæstiréttur sett það skýra fordæmi að misbrestur á viðveru umboðsmanna telst vera verulegur annmarki.

Traust

Þá vaknar sú spurning hvort brot á lögum um vörslu kjörgagna milli talningar og endurtalningar teljist vera verulegur annmarki.

Af fordæmi Hæstaréttar má ráða að ekki þarf að sýna fram á að líkur standi til að átt hafi verið við kjörgögnin á þessum tíma.

Reglurnar eru settar til þess að skapa traust. Sé ólögmæt meðferð kjörgagna líkleg til að veikja traust ætti annmarkinn að teljast verulegur samkvæmt fordæminu.

Lagarök

Þegar kærur vegna stjórnlagaþingskosninganna komu til ákvörðunar í Hæstarétti, færðu landskjörstjórn og dómsmálaráðuneytið fram lögfræðileg rök fyrir því að kæruefnin ættu ekki að leiða til ógildingar.

Hæstiréttur hafnaði hins vegar rökum þeirra.

Á sínum tíma kom ýmsum á óvart hversu strangar kröfur Hæstiréttur gerði. Alþingi getur þó ekki horft fram hjá þeim afdráttarlausu fordæmum nú.

Dómsmálaráðuneytið

Landskjörstjórn hefur þegar lýst því yfir að ekki hafi verið sýnt fram á að farið hafi verið að lögum við endurtalninguna. Ósennilegt er því að hún andmæli lagarökum kærenda eins og 2011.

Framkvæmd kosninga heyrir undir dómsmálaráðuneytið. Alþingi verður því að kalla eftir lagarökum þess eins og Hæstiréttur gerði, varðandi gildi kosninga til stjórnlagaþings.

Mesta spennan er að sjá hver þau verða. Helsta spurningin er hvaða lærdóm ráðuneytið dregur af því að Hæstiréttur hafnaði lagarökum þess 2011. Þetta er því mikilvægara að ekki er ólíklegt að meirihluti þingmanna halli sér á endanum að lagarökum dómsmálaráðuneytisins.

Andmæli dómsmálaráðuneytið ekki ógildingarkröfunum er erfitt að sjá að Alþingi eigi annan kost en að fallast á þær.

Uppkosning?

Komi til uppkosningar hafa kjósendur í Norðvesturkjördæmi vitneskju um úrslit í öðrum kjördæmum. Þetta er mikill ágalli. En hann getur ekki haft áhrif á lögfræðilegt mat á því hvort kosning skuli ógilt eða ekki.

Lög mæla einfaldlega fyrir um að uppkosning skuli fara fram, ef þeir verulegu annmarkar voru á framkvæmd kosninganna að þeir leiði til ógildingar.

Það er svo önnur spurning hvort Alþingi getur takmarkað ógildinguna við síðari talninguna þannig að sú fyrri gildi. Um það eru ekki eins skýr fordæmi. ■

SOLIHULL NÁMSKEIÐ Í BOÐI

Solihull nálgunin byggir á heildrænni aðferðarfræði fyrir foreldra og fagaðila þar sem markmiðið er að auka skilning á tilfinningalegri og andlegri heilsu barna. Námskeiðin nýtast öllum þeim sem koma að uppeldi og umönnun barna.

TVEGGJA DAGA GRUNNNÁMSKEIÐ, VAL UM TVÆR DAGSETNINGAR:
a) 12. okt. og 2. nóv., kl. 9-16
b) 16. og 30. nóv., kl. 9-16
Hámark 12 þátttakendur í hvort skipti.
Leiðbeinendur:
Elísabet Sigfúsdóttir, félagsráðgjafi og fjölskyldufræðingur og **Gunnlaug Thorlacius** félagsráðgjafi

AÐ SKILJA ÁFÖLL
1. nóvember, kl. 9-16
Leiðbeinandi:
Anna María Jónsdóttir
geðlæknir

HEILAÞROSKI
29. nóvember, kl. 9-13
Leiðbeinandi:
Anna María Jónsdóttir
geðlæknir

TENGSLAMYNDUN
15. nóvember, kl. 9-16
Leiðbeinandi:
Anna María Jónsdóttir
geðlæknir

Námskeiðsgjald
Tveggja daga grunnnámskeið: 59.000 kr.
Önnur námskeið: 29.000 kr.

Tryggðu þér sæti í tíma!
Skráning á www.gedvernd.is
eða með netpósti á gedvernd@gedvernd.is

GEÐVERND
GEÐVERNDARFÉLAG ÍSLANDS

Eftir hverju erum við að bíða?

Helga María Guðmundsdóttir
B.Sc. í hjúkrunarfræði, MA í fjölmiðlafræði og nemi í viðbótardiplóma í lýðheilsuvísindum

Ristil- og endaþarmskrabbamein er þriðja algengasta krabbameinið í heiminum og er einnig með þriðju hæstu dánartíðnina. Þetta er mikið heilsufarsvandamál og því hafa næstum öll Evrópulöndin tekið upp reglubundna skimun fyrir ristil- og endaþarmskrabbameini. Flest landanna nota FIT-skimunarpróf sem skima eftir duldu blóði í hægðum, ef blóð greinist við skimun þá fer fólk í ristilspeglun í frekari rannsókn. FIT-skimunin er einföld og er hægt að framkvæma hana heima.

Tilgangur krabbameinsskimana er að greina krabbamein á frumstigi/forstigi og þannig lækka nýgengi sjúkdómsins sem skimað er fyrir, auka líkur á lækningu og lækka dánartíðni. Í einföldu máli þá segir þetta okkur að því fyrr sem við finnum krabbamein, því auðveldari verður meðferðin og mun meiri líkur á bata.

Langur tími getur liðið frá því að ristilkrabbameinsfrumur myndast í kirtilæxli (sepum) þar til einkenni koma fram og því er skimun nauðsynleg.

Landlæknir gaf út tilmæli árið 2001 sem mæla með skimun fyrir ristil- og endaþarmskrabbameini fyrir alla einstaklinga 50 ára og eldri, með leit að blóði í hægðum. Árið 2008 skipaði heilbrigðisráðherra ráðgjafarhóp sem átti að meta þörfina fyrir reglubundna skimun; niðurstöðurnar voru skýrar: Það væri kostnaðarhagkvæmt og að skimunin drægi úr dánartíðni. Landlæknisembættið sendi erindi til ráðherra árið 2015 og óskaði eftir því að tilmælum ráðgjafarhópsins yrði framfylgt og undirbúningsvinna er hafin samkvæmt Landlæknisembættinu. Stefnt var að því að hefja reglubundna skimun snemma árs 2018, en hún er ekki enn hafin í dag.

Það er oft erfitt að fá fjármagn til að hefja svona verkefni. Það getur spilað inn í hve lengi við erum að sjá árangur af skimunum. Það er kostnaðarsamt að hefja slík verkefni en ágóðinn kemur ekki í ljós fyrr en mörgum árum síðar. Þeir sem settu verkefnið á laggirnar eru þá jafnvel ekki lengur við völd til að uppskera árangur erfiðisins, en þar sem þetta er stórt lýðheilsumál ætti þetta að vera á forgangslista og mun skila hagnaði eins og rannsóknir sýna.

Ég vann á almennri skurðdeild í langan tíma og hef séð með eigin augum hversu mikill munur það er að meðhöndla fólk á fyrri stigum krabbameins samanborið við á seinni stigum. Þetta eru ekki bara tölur á blaði heldur alvöru fólk sem er að ganga í gegnum erfið veikindi. Mér finnst það samfélagsleg skylda að hefja þessa skimun sem fyrst og þetta á að vera forgangsmál fyrir lýðheilsu landsmanna.

Eftir hverju er verið að bíða? ■

Bundið slitlag – bylting vegakerfisins

Magnús Valur Jóhannsson
framkvæmdastjóri mannvirkjasviðs Vegagerðarinnar

Þeim fækkar sem aldir voru upp við að vegakerfið á Íslandi væri nær allt malarvegir. Fyrir 40-45 árum voru nánast allir vegir malarvegir og bundið slitlag var einungis innanbæjar og í nágrenni höfuðborgarinnar. Átakið um að koma bundnu slitlagi á vegakerfið hófst fyrir alvöru og af krafti upp úr 1980, þegar þróaðar höfðu verið ódýrari leiðir en áður, svokallaðar vegklæðingar. Á fyrstu árum þess áratugar var mikið lagt af klæðingum og sum árin skiptu kílómetrarnir hundruðum sem fengu bundið slitlag.

Nú er svo komið að um 5.800 km af tæplega 13.000 km vegakerfi eru lagðir bundnu slitlagi á landinu öllu. Tölurnar segja þó ekki alla söguna því um 97 prósent af öllum akstri fara fram á bundnu slitlagi, enda tekur forgangsröðun framkvæmda mikið tillit til umferðarþunga. Eigi að síður eru mörg verk ónunnin í þessu efni, enda eru ennþá 500 km af malarvegum í stofnveganetinu og stór hluti tengi- og héraðsvega eru malarvegir.

Með aukinni umferð hefur Vegagerðin lagt sífellt fleiri kílómetra af malbiki, sem er mun dýrara og endingarbetra en klæðing. Mestur hluti bundinna slitlaga á vegakerfinu er þó ennþá lagður klæðingu. Nú er svo komið að malbik hefur verið lagt til Reykjanesbæjar, austur að Þjórsá og upp í Borgarnes, auk þess sem malbikað hefur verið í nágrenni Akureyrar og á fyrsta kafla Biskupstungnabrautar. Hér er það umferðarþunginn sem mestu ræður en því meiri sem umferðin er þeim mun hagkvæmara verður að leggja malbik í stað klæðingar.

> **Tilkoma klæðinga leiddi til þess að unnt var að leggja bundið slitlag á þrefalt til fjórfalt lengri kafla en annars hefði verið.**

Tilkoma klæðinga leiddi til þess að unnt var að leggja bundið slitlag á þrefalt til fjórfalt lengri kafla en annars hefði verið, þar sem kostnaðurinn er miklu lægri. Klæðingin hentar vel á fáfarnari vegi og hefur gert kleift að fara mun hraðar í þessar framkvæmdir en annars hefði verið.

Vegagerðin fjallaði um bundin slitlög á ráðstefnunni Bundin slitlög – betri vegir, í Hörpu 14. september síðastliðinn. Fjallað var um málefnið frá mörgum áhugaverðum sjónarhornum og einnig með erlendum augum en gestafyrirlesarar komu frá Hollandi, Norður-Írlandi og Sviþjóð. Hægt er að horfa á upptöku af ráðstefnunni og nálgast glærur fyrirlesara á vefsíðu Vegagerðarinnar, vegagerdin.is. ■

Útvarpsguðsþjónustan sem sást

Dr. Sigurvin Lárus Jónsson
prestur við Fríkirkjuna í Reykjavík

Trúarlíf okkar Íslendinga er fjölskrúðugt og með þeim innflytjendum sem bæst hafa í hóp nýrra Íslendinga verður flóran enn blómlegri. Fjölmenning kallar á nýjar leiðir til að skilja og miðla trúararfleifð og með nokkurri einföldun má segja að það séu tvær leiðir færar í þeim efnum. Önnur leiðin er að fela hið trúarlega, á grundvelli þess að ekki skuli halda á lofti því sem aðgreinir okkur, og hin er að fagna fjölbreytileika trúarhefða.

Ríkissjónvarpið hefur þar viðamiklu hlutverki að gegna og RÚV sker sig úr í samanburði við Norðurlöndin þegar kemur að miðlun á trúarmenningu á Íslandi. Útvarpsguðsþjónustur eru dýrmæt hefð sem standa ber vörð um, en samanborið við Norðurlöndin gætir þar fábreytni. Á Norðurlöndum fá fjölbreytt trúfélög sýndar samkomur í útvarpi og sjónvarpi. Opinberir miðlar í nágrannalöndum okkar sinna allir því hlutverki að sjónvarpa frá guðsþjónustum.

Danska ríkisútvarpið starfrækir svokallaða „DR kirken“, þar sem eru sjónvarpsútsendingar frá guðsþjónustum dönsku kirkjunnar. Sænska sjónvarpið SVT flakkar á milli kirkna á sunnudagsmorgnum og hefur í upphafi stutta umfjöllun um hverja kirkju fyrir sig, söfnuð og prest. Lögð er áhersla á að sýna sem flestar kirkjur og greina frá sögu þeirra og munum. Reglulega er leitað til safnaða á borð við Hjálparæðisherinn og sent út frá samkomum þeirra. Norska ríkissjónvarpið NRK sendir út guðsþjónustur frá kirkjum landsins og er með stutta umfjöllun um takt kirkjuársins og kirkjur landsins í upphafi, líkt og í Svíþjóð, og Finnar hafa útsendingar á YLE frá guðsþjónustum á sænsku og finnsku.

Jafnvel Færeyingar með sitt litla opinbera sjónvarp KFV sýna vikulegar sjónvarpsútsendingar frá guðsþjónustum í mismunandi kirkjum. Ríkissjónvarpið hefur skyldum að gegna við að sinna miðlun á trúar- og menningararfi þjóðarinnar. Þeirri skyldu væri sinnt af sóma með sjónvarpsútsendingum frá kirkjum landsins, þar sem færi saman helgihald og fræðsla um kirkjur til sjávar og sveita. Það er óhætt að fullyrða að RÚV sé eftirbátur sjónvarpsstöðva á Norðurlöndum þegar kemur að útsendingum frá helgihaldi og það er áhugavert að spyrja hvað liggur þar að baki? Um er að ræða ódýrt sjónvarpsefni sem í öllum tilfellum er unnið í samstarfi við heimamenn.

Fríkirkjan í Reykjavík hefur árlega fengið úthlutað einni útvarpsguðsþjónustu í kringum afmæli safnaðarins og í ár var jafnvel þeirri tímasetningu hnikað í óþökk safnaðarins. Það færi vel á því að þriðja stærsta trúfélag landsins fengi meira rými í Ríkisútvarpinu.

Fríkirkjan tók upp og framleiddi til sýningar útvarpsguðsþjónustuna þann 26. september síðastliðinn og sinnti þarmeð skyldu sem RÚV ætti með réttu að rækja. Þar má heyra og sjá jazzaða sálma, barnakórinn við Tjörnina, magnaðan einsöng og hugleiðingu frá formanni Píetasamtakanna.

„Útvarpsguðsþjónustan sem sást“ er sýnd á þeim netmiðlum sem Fríkirkjan í Reykjavík hefur yfir að ráða. ■

Peningaþvætti á mannamáli

Rut Gunnarsdóttir, regluvörður Íslandsbanka

Fjármálafyrirtæki hafa mikilvægu hlutverki að gegna við að sporna gegn því samfélagslega meini sem peninga-þvætti er.

Peningaþvætti er því miður ekki bara eitthvað sem við sjáum í reyfarakenndum bíómyndum, heldur er það raunverulegt mein í okkar samfélagi. Íslensk fjármálafyrirtæki hafa á liðnum árum varið auknu fjármagni og vinnu til að sporna við peningaþvætti og eins og mikið hefur verið fjallað um í fjölmiðlum er ekkert ríki eyland í þeirri baráttu. Þannig hefur verklag verið bætt samhliða því sem lög og reglur hafa tekið framförum, nýr hugbúnaður tekinn í notkun og síðast en ekki síst hefur starfsfólk fengið þjálfun við að koma auga á viðskipti eða aðra gjörninga sem kunna að fela í sér peningaþvætti.

Einföld skilgreining á peningaþvætti er þegar illa fengið fé er látið líta löglega út og þannig nýtt í lögmætum viðskiptum. Einfalt dæmi er einyrki sem fær laun fyrir svarta vinnu millifærð á reikning sinn. Uppruni slíks fjár er þá skattalagabrot. Öllu alvarlegri dæmi geta svo verið einstaklingur sem leggur ágóða af fíkniefnasölu inn á reikning sinn eða jafnvel aðili sem kemur greiðslu fyrir vændi inn á reikning þolandans. Flóknari peningaþvættisbrot geta svo átt sér stað til dæmis í gegnum langa og flókna eigendakeðju lögaðila, jafnvel staðsettra víða um heim, þar sem fjármunir eru fluttir úr einum vasa í annan til að hylja uppruna þeirra sem getur til dæmis verið skipulögð glæpastarfsemi. Peningaþvætti er því raunveruleg ógn sem á sér stað í þeim tilgangi að koma ágóða af hvers kyns lögbrotum inn í „kerfið“ og flétta hann þannig saman við lögmæt viðskipti.

Á íslensk fjármálafyrirtæki (sem og fleiri aðila, til dæmis lögmenn, fasteignasala og hverja þá sem hafa með tiltekna umsýslu fjármuna að gera), er lögð mikilvæg ábyrgð og skyldur. Þeim ber að sporna við peningaþvætti í starfsemi sinni í hvaða mynd sem það getur tekið á sig. Til þess þurfa þau að búa yfir öflugum vörnum, svo sem eftirlitskerfum og árvökulu starfsfólki. Reynslan hefur sýnt að engin ein nálgun, aðferð eða kerfi getur leyst allt framangreint af. Hið mannlega auga getur numið hegðun sem eftirlitskerfi grípa ekki og öfugt.

Ein af mikilvægustu vörnum fjármálafyrirtækja gegn peningaþvætti á sér stað við upphaf viðskiptasambands. Væntanlegur viðskiptavinur er þá, í samræmi við þær reglur sem stjórnvöld setja, látinn sanna á sér deili og svara spurningum um ýmis atriði sem nýtast fjármálafyrirtækjunum við eftirlit sitt. Þetta ferli þekkjum við sem „áreiðanleikakönnun“ (e. „KYC“ sem stendur fyrir „know your customer“). Skiljanlegt er að væntanlegum viðskiptavinum þyki allar þessar spurningar og formlegheit hvimleið, þreytandi og jafnvel tilhæfulaus, en allt er þetta hluti af mikilvægum vörnum fjármálakerfisins við að úthýsa ágóða af lögbrotum og í samræmi við þau skilyrði sem löndin í kringum okkur hafa sett í alþjóðlegri baráttu gegn peningaþvætti.

Fjármálafyrirtæki hafa mikilvægu hlutverki að gegna við að sporna gegn því samfélagslega meini sem peningaþvætti er. Einnig er mikilvægt að viðskiptavinir þeirra, bæði einstaklingar og lögaðilar, geti verið þess fullvissir að varnirnar séu í lagi, því samfélagið í heild sinni nýtur góðs af því að viðskipti með fjármagn fari fram með löglegum hætti. Slíkt eykur trúverðugleika fjármálakerfisins og gerir fjármálafyrirtækjum auðveldara fyrir að þjóna viðskiptavinum sínum með betri og skilvirkari hætti – jafnvel þó svo spurningaflóðið í upphafi viðskiptasambands geti á stundum virst framandi. ■

VINNINGASKRÁ

10. flokkur 2021
Útdráttur 5. október 2021

HAPPDRÆTTI

Happdrætti SÍBS er hornsteinn framkvæmda á Reykjalundi

AÐALVINNINGUR kr. 5.000.000

52525

AUKAVINNINGAR kr. 100.000

52524 52526

PENINGAVINNINGAR kr. 500.000

16165 26420 28615 34659 36624 43226 47525 51707 52025 68546

PENINGAVINNINGAR kr. 100.000

305	9156	15737	20699	28731	36941	43643	47499	50788	56247	60854	65066	68133	74715	76997
1035	9896	16884	21896	31621	37535	43676	47974	51854	56477	61046	65068	68846	75351	79985
2563	12795	18595	24399	31729	37795	43784	48030	52009	56796	61130	65508	71259	75380	
3602	14270	18887	25536	33075	39909	45528	48146	52439	56840	62377	65604	71425	75933	
4075	14632	19575	25646	33150	41541	45855	49782	53265	56910	63620	65634	71448	76627	
7620	14790	19687	25979	35134	43212	46516	49989	53567	57371	64173	65663	72622	76748	
9015	15660	19872	26549	36376	43584	46905	50133	55465	60819	64339	66337	72988	76797	

PENINGAVINNINGAR kr. 50.000

167	6126	9949	14048	18345	22884	25281	31600	37861	41707	45730	50043	54036	60085	66148	71610	78143
1791	6474	10158	14438	19160	23142	25325	31881	37897	41931	45752	50386	54197	60278	66379	72709	78491
2429	6812	10841	14533	19994	23165	25914	33087	38384	42481	46369	50906	55604	60410	67121	73260	78831
3439	6861	10958	16041	20776	23280	26127	33120	38687	43035	46623	51083	55767	60867	67346	73336	78934
3669	6948	11243	16143	20794	23452	27091	33213	38780	43062	46963	51598	55969	61004	67653	73355	79157
5075	7286	11781	16517	20899	23970	27808	33363	39016	43160	48061	52057	56348	61181	68145	73736	79183
5402	7302	12064	16601	21079	24018	27880	33701	39353	43236	48234	52111	56408	61318	68412	73777	79258
5409	8001	12242	16895	21552	24714	28181	34346	39538	43294	48431	52276	57297	62683	68735	75010	79315
5423	8433	12267	17146	21566	24869	29792	34461	40085	43865	48943	52661	57666	64242	68911	76630	
5849	8494	12779	17381	22289	25117	31414	35275	40196	44085	49500	53198	58817	64370	69109	77187	
5945	9242	13365	17467	22297	25145	31533	35420	40992	44551	49572	53530	59899	64541	70202	77584	
5992	9319	13807	18127	22723	25188	31544	35812	41540	45493	49642	53731	60030	65965	70495	77900	

VÖRUÚTTEKT kr. 30.000

69	5269	9744	13717	18494	23802	27626	32883	36818	41759	46692	51822	58188	64336	69084	73557	78986
75	5276	9782	14345	18566	24086	27641	32983	36864	41970	46712	52040	58399	64441	69189	73584	79000
455	5478	9941	14391	18570	24144	27879	33090	36978	42123	46738	52250	58433	64625	69279	73596	79115
503	5703	9974	14562	18590	24279	27996	33173	37376	42371	47102	52328	58611	64672	69331	73652	79163
579	5716	10114	14568	18603	24377	28163	33335	37492	42515	47113	52335	58668	64739	69368	73673	79240
632	5858	10291	14910	18612	24448	28239	33412	37585	42562	47159	52359	58926	64792	69415	73900	79259
998	5864	10336	14958	18805	24455	28311	33429	37939	42573	47234	52582	59081	64884	69417	74077	79377
1069	6158	10597	15187	19735	24501	28344	33511	37979	42635	47322	52799	59418	65061	69655	74123	79436
1097	6539	10600	15230	19818	24619	28353	33637	38046	42829	47358	52844	59451	65580	69691	74670	79488
1221	6564	10618	15395	19885	24762	28391	33677	38144	42939	47488	52913	59792	65761	69928	74752	79563
1330	6578	10676	15413	19952	24795	28489	33762	38303	43083	47493	52945	59865	65779	70012	74818	79692
1407	6662	10697	15481	19970	24796	28628	34208	38340	43342	47553	53083	60108	65870	70116	74860	79952
1543	6834	10836	15487	20093	24799	28654	34214	38420	43672	47772	53350	60110	65969	70497	75263	
1821	6925	10852	15509	20244	24861	28659	34241	38457	43763	47793	53670	60141	66020	70520	75407	
1983	7069	10889	15843	20404	24995	28715	34353	38473	43791	48133	53782	60187	66074	70626	75541	
2188	7202	10940	15963	20478	25064	28729	34372	38493	43890	48152	53849	60345	66076	70871	75557	
2209	7287	11055	16118	20523	25154	29215	34407	38498	44377	48211	53958	60544	66218	70886	75595	
2366	7327	11125	16162	20554	25328	29279	34429	38659	44473	48760	53980	60584	66220	71033	75627	
2774	7337	11132	16213	20820	25479	29407	34468	38753	44503	48879	54091	60585	66365	71180	75751	
3216	7358	11379	16320	20940	25483	29861	34509	38919	44630	48900	54207	60615	66620	71400	75811	
3582	7621	11430	16413	20942	25539	29895	34568	39037	44763	49121	54550	60811	66634	71640	75919	
3645	7806	11459	16434	21053	25573	29926	34694	39209	45128	49197	54792	61005	66664	71651	76034	
3647	8086	11723	16484	21155	25643	30128	34726	39501	45191	49264	55291	61016	66689	71705	76270	
3658	8123	11786	16515	21165	25647	30486	34777	39563	45368	49387	55400	61205	66768	71748	76293	
3740	8187	11811	16533	21455	25819	30511	34800	39614	45389	49668	55676	61535	66804	71783	76373	
4007	8200	11928	16609	21459	25858	30572	34918	39639	45565	49706	55734	61845	66866	71806	76374	
4017	8216	12014	16632	21498	25862	30610	35028	39701	45617	49855	55817	62040	66875	71861	76469	
4163	8435	12016	16647	21503	25942	30688	35100	40104	45688	49896	56009	62053	67213	71885	76590	
4234	8523	12036	17170	21520	26051	30777	35131	40282	45809	50078	56073	62136	67565	71897	77186	
4277	8666	12115	17245	21562	26097	30979	35168	40387	45826	50148	56181	62267	67884	71942	77253	
4301	9123	12205	17330	21734	26144	31044	35252	40416	45843	50390	56237	62369	67894	72053	77514	
4312	9147	12208	17360	21809	26155	31129	35331	40725	45847	50395	56260	62593	67917	72191	77629	
4408	9250	12215	17369	21822	26200	31245	35365	40758	45995	50444	56528	62927	68065	72458	77784	
4409	9271	12285	17392	21894	26207	31455	35502	40978	46032	50546	56625	62970	68075	72599	77797	
4470	9334	12514	17432	22094	26373	31679	35531	41023	46081	50683	56651	62997	68078	72665	77933	
4595	9421	12683	17717	22246	26386	31820	35559	41234	46124	50700	56668	63043	68121	72777	77949	
4726	9459	12988	17869	22345	26666	31922	35566	41243	46200	50869	57041	63244	68182	72994	77956	
4819	9475	13157	17930	22411	26955	32072	35815	41271	46226	50875	57119	63247	68184	73009	78137	
4905	9514	13197	17972	22729	27119	32118	35944	41272	46302	51353	57230	63418	68264	73136	78311	
4986	9540	13198	18001	22952	27122	32145	36244	41332	46424	51400	57433	63613	68361	73404	78375	
5087	9624	13235	18352	23067	27278	32469	36346	41354	46425	51438	57493	63648	68535	73433	78415	
5160	9647	13385	18390	23107	27297	32699	36608	41514	46631	51466	57963	63677	68861	73470	78704	
5207	9711	13466	18415	23193	27583	32798	36643	41564	46662	51538	57979	63726	68899	73483	78946	

PENINGAVINNINGAR kr. 25.000

68	5399	9211	15197	21379	24770	29411	33191	37469	41869	46617	51432	55992	61344	65586	70931	74585
98	5405	9370	15208	21415	24871	29425	33337	37549	41879	46640	51475	56042	61348	65646	71045	74801
292	5535	9398	15371	21500	24976	29455	33516	37553	42035	46704	51573	56147	61467	65672	71132	74819
375	5711	9602	15497	21665	25026	29555	33520	37559	42063	46826	51586	56150	61702	65712	71241	74837
644	5844	9722	15542	21701	25262	29672	33570	37591	42133	46932	51595	56270	61798	65814	71261	74880
797	5856	9750	15621	21752	25439	29695	33594	37615	42400	46994	51646	56360	61922	65846	71285	74983
886	5978	9852	15746	21821	25493	29812	33702	37652	42565	47040	51673	56361	61929	65941	71383	75418
918	6075	9918	15756	21837	25601	29863	33747	37677	42615	47106	51799	56362	62019	66036	71434	75704
1092	6170	10029	15761	21843	25653	29916	33830	37856	42643	47136	51821	56464	62178	66096	71435	75709
1169	6173	10150	15868	21883	25659	30020	33877	37932	42685	47147	51890	56697	62228	66131	71744	75758
1203	6180	10306	16005	21888	25738	30062	33928	37976	42690	47204	51909	56773	62263	66137	71776	75772
1226	6642	10344	16262	22120	25937	30191	34065	38208	42713	47259	51926	56938	62341	66184	71818	75863
1263	6817	10435	16537	22121	26083	30266	34121	38233	42718	47432	52041	56961	62358	66300	71976	75866
1300	6922	10532	16550	22165	26188	30316	34175	38269	42762	47568	52074	56996	62371	66548	72304	75992
1443	6956	10584	16629	22262	26233	30356	34291	38728	42807	47839	52146	57269	62461	66723	72311	76207
1549	6974	11004	16753	22266	26351	30435	34298	38757	42869	47953	52188	57299	62620	66867	72381	76260
1911	7176	11109	16804	22286	26447	30477	34299	38758	42896	47956	52280	57382	62712	66987	72417	76294
2030	7188	11277	16818	22347	26622	30535	34396	38867	43055	48374	52358	57465	62782	67102	72638	76535
2111	7193	11422	17119	22361	26712	30543	34436	39085	43082	48476	52613	57643	62885	67110	72646	76624
2145	7227	11490	17221	22370	26716	30608	34499	39165	43095	48783	52624	57671	62981	67232	72684	76646
2554	7389	11530	17228	22587	26844	30737	34619	39247	43240	48821	52716	57799	62984	67574	72719	76653
2676	7434	11936	17236	22598	26991	30841	34897	39625	43337	48851	52841	57817	63017	67619	72867	76724
2837	7564	12005	17433	22624	27069	31014	35043	39689	43494	48888	52867	57862	63067	67825	72869	76802
2972	7622	12127	17455	22775	27123	31066	35044	39696	43725	48897	53107	57890	63150	67864	72888	76910
3046	7702	12151	17516	22841	27150	31078	35067	39761	43838	48925	53203	58205	63525	67981	72987	77018
3064	7732	12192	17816	22922	27229	31125	35169	39784	43879	49212	53353	58417	63555	68538	73000	77020
3151	7827	12236	17998	22947	27418	31156	35309	39800	44021	49323	53444	58460	63644	68595	73038	77039
3187	7844	12583	18110	23139	27458	31177	35398	39867	44123	49585	53512	58544	63710	68605	73059	77122
3282	8127	12690	18227	23201	27499	31261	35438	39952	44148	49723	53519	58681	63811	68657	73166	77196
3676	8172	12814	18915	23215	27526	31286	35633	39971	44171	49788	53557	58752	63836	68716	73256	77317
3710	8215	12966	19235	23398	27534	31299	35664	40024	44295	49852	53558	58799	63949	68881	73313	77321
3754	8354	13038	19312	23420	27726	31367	35760	40241	44460	49853	53970	59003	63981	68882	73430	77403
4136	8355	13133	19353	23574	27751	31543	35917	40269	44471	49892	53984	59260	64163	68926	73443	77604
4196	8384	13357	19822	23676	27822	31592	35924	40362	44556	50082	54404	59304	64219	69353	73493	78061
4276	8405	13370	19856	23780	28044	31624	35925	40404	44877	50152	54410	59367	64354	69412	73611	78170
4627	8417	13473	20160	23782	28061	31686	36138	40484	44913	50226	54454	59499	64361	69480	73616	78202
4637	8546	13624	20365	23788	28130	31851	36218	40586	44936	50275	54859	59614	64505	69483	73635	78256
4649	8701	14017	20384	23812	28364	32142	36223	40627	44992	50299	54902	59771	64593	69488	73683	78307
4718	8704	14139	20488	23844	28389	32231	36232	40789	45215	50330	55095	59804	64632	69786	73702	78485
4778	8750	14407	20549	23874	28465	32295	36498	40858	45250	50517	55281	60044	64634	69823	73842	78921
4833	8780	14457	20603	23911	28526	32413	36594	40929	45430	50618	55305	60287	64662	70016	73878	79063
4851	8895	14759	20781	23964	28870	32671	36629	40963	45544	50968	55359	60314	64722	70081	73961	79226
4886	9002	14762	20837	24183	28879	32738	36651	41379	45567	51004	55399	60440	64743	70130	74005	79328
5069	9072	14820	21010	24248	28885	32772	36716	41458	45591	51024	55504	60761	64944	70237	74160	79469
5130	9135	14836	21048	24258	28924	32834	36831	41557	45633	51164	55634	60769	65025	70470	74350	79513
5162	9139	14893	21052	24548	28934	32951	37108	41644	45811	51192	55713	60810	65116	70547	74353	79655
5175	9144	15044	21252	24729	28954	33104	37134	41665	45812	51194	55863	60991	65120	70560	74487	79849
5349	9184	15098	21287	24735	29250	33132	37234	41682	46061	51248	55901	61293	65340	70749	74532	79868
5387	9185	15196	21347	24767	29400	33143	37244	41691	46415	51257	55933	61313	65347	70836	74537	

H/N Markaðsamskipti / SÍA

Tryggðu þér miða á sibs.is eða í síma 560 4800

Afgreiðsla vinninga hefst þann 20. október 2021
Birt án ábyrgðar um prentvillur

Frá æfingu kvennalandsliðsins.

Hefja keppni í undankeppni ÓL

kristinnpall@frettabladid.is

ÍSHOKKÍ Kvennalandsliðið í íshokkí hefur í dag leik á öðru stigi undanmótsins fyrir Vetrarólympíuleikana í Peking 2022 þar sem efsta lið riðilsins kemst áfram á lokastig undankeppninnar. Takist kvennalandsliðinu að komast á Ólympíuleikana yrði það í fyrsta sinn sem Ísland sendir lið til þátttöku á Vetrarólympíuleikunum í íshokkíi.

Riðillinn átti upprunalega að fara fram í Gangneung í Suður-Kóreu en vegna samkomutakmarkana í landinu var ákveðið að mótið skyldi haldið í Bretlandi. Bretar verða því á heimavelli í riðlinum og byrjar Ísland á leik gegn heimaliðinu í kvöld. Fyrr um daginn mætast Slóvenía og Suður-Kórea sem eru með Íslendingum í riðli.

Af þessum þjóðum er Ísland neðst á styrkleikalista Alþjóðaíshokkísambandsins, í 31. sæti, en Suður-Kórea er efst í 17. sæti. ■

Mæta sterkasta liði riðilsins í dag

kristinnpall@frettabladid.is

HANDBOLTI Kvennalandsliðið í handbolta mætir Svíþjóð í fyrsta leik Íslands í undankeppni EM 2022 ytra í dag, en fyrir fram er Svíþjóð með sterkasta lið riðilsins. Ísland leikur tvo leiki í þessum landsleikjaglugga, þann seinni gegn Serbíu um helgina. Síðasta lið riðilsins er tyrkneska landsliðið.

Hafdís Renötudóttir glímir við smávægileg meiðsli og er Saga Sif Gísladóttir til staðar ef Hafdís verður ekki leikfær í tæka tíð.

Tvö lið fara áfram í lokakeppnina sem fer fram í Norður-Makedóníu, Slóveníu og Svartfjallalandi á næsta ári, en þá verða tíu ár liðin frá því að íslenska kvennalandsliðið komst síðast á stórmót í handbolta.

Rut Arnfjörð Jónsdóttir, leikmaður KA/Þórs, leikur tímamótaleik í dag þegar hún verður tíunda konan sem leikur hundrað landsleiki fyrir kvennalandsliðið. ■

Barcelona var á barmi gjaldþrots

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Framkvæmdarstjóri Barcelona, Ferran Reverter, skaut föstum skotum á fyrrum stjórnendur félagsins í viðtali þar sem han sagði að ef Barcelona hefði verið eðlilegt fyrirtæki hefði það verið tekið til gjaldþrotaskipta í apríl. Reverter sakaði fyrrum stjórn um eyða peningi umfram getu...

„Þegar við tókum við í mar s sáum við að félagið var tæknilega gjaldþrota. Ef þetta hefði verið almennt fyrirtæki hefði Barcelona orðið gjaldþrota og leyst upp,. kom fram í viðtalinu.“ ■

Níu af ellefu leikmönnum sem byrjuðu leikinn í Ungverjalandi og ellefu af fimmtán sem komu við sögu í Búdapest eru ekki lengur í hópnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Gamla bandið virðist farið af sviðinu

Hlutirnir gerast hratt á gervihnattaöld. Ári eftir að Ísland var mínútum frá sæti á EM er leikmannahópur karlalandsliðs Íslands gjörbreyttur.

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Óhætt er að segja að það verði breytt landslag þegar Ísland mætir Armeníu annað kvöld. Hér á árum áður var yfirleitt hægt að áætla hvaða fjórtán leikmenn koma við sögu hverju sinni, en staðan er gjörbreytt og kynslóðaskiptin í karlalandsliðinu ör í ljósi aldurs og vandamála leikmanna utan vallar.

Ellefu mánuðir eru liðnir síðan Ísland var nokkrum mínútum frá því að komast á sitt þriðja stórmót í röð, en af þeim ellefu leikmönnum sem byrjuðu leikinn þann daginn eru tveir í leikmannahópnum fyrir leikinn gegn Armenum og af þeim fimmtán sem komu við sögu í Búdapest eru fjórir í landsliðshóp í dag. Ísland á enn veika von um að komast áfram í umspilið fyrir HM í Katar á næsta ári, en verkefnið snýst frekar um að móta nýtt lið og undirbúa komandi kynslóðir fyrir næstu undankeppnir. ■

Fjarvera Arons Einars hefur vakið mikla athygli á samskiptamiðlum en Arnar ákvað að skilja Aron eftir utan hóps eftir viðræður við stjórn KSÍ.

Aðeins einn formlega hættur

Af þeim níu leikmönnum sem eru fjarverandi í þessu landsleikjahléi frá síðasta ári er aðeins einn þeirra, Hannes Þór Halldórsson, búinn að gefa það út að landsliðsferlinum sé lokið. Kári Árnason, Ragnar Sigurðsson og Rúnar Már Sigurjónsson voru ekki valdir af þjálfarateyminu í þetta verkefni og Alfreð Finnbogason, Jóhann Berg Guðmundsson og Hörður Björgvin Magnússon eru frá vegna meiðsla. Þá er Gylfi Þór Sigurðsson enn í farbanni á Englandi á meðan lögreglan í Manchester rannsakar meint brot hans og Aron Einar Gunnarsson var ekki valinn í hópinn vegna utanaðkomandi aðstæðna að sögn þjálfarateymisins, sem ráðfærði sig við Vöndu Sigurgeirsdóttur, nýkjörinn formann KSÍ, og fráfarandi stjórn, áður en það ákvað að velja ekki Aron í hópinn vegna ásakana sem ganga á netinu.

Þá gáfu Kolbeinn Sigþórsson, Hólmar Örn Eyjólfsson og Sverrir Ingi Ingason ekki kost á sér í leikinn gegn Ungverjalandi, en Ögmundur Kristinsson og Jón Daði Böðvarsson voru ekki valdir í hópinn.

Nafnarnir Birkir Már og Birkir eru í hópnum og þremur leikjum frá leikjameti Rúnars Kristinssonar.

Pressan eykst á Arnari Þór Viðarssyni sem hefur þurft að taka á ýmsum málum utan vallar. Fjögur stig eftir sex leiki er rýr uppskera en tveir sigrar á heimavelli gætu lagað stöðuna.

Tæplega helmingi fleiri leikir

Í aðdraganda leikjanna gegn Rúmeníu og Ungverjalandi voru átta leikmenn í byrjunarliði Íslands sem höfðu verið í stóru hlutverki á báðum stórmótunum.

Guðlaugur Victor Pálsson, Hörður Björgvin Magnússon og Rúnar Már Sigurjónsson höfðu allir spilað tuttugu landsleiki eða fleiri. Samanlagður fjöldi landsleikja leikmanna Íslands þegar flautað var til leiksloka í Búdapest var alls 906.

Aðeins þrír leikmenn í núverandi leikjahóp hafa leikið 35 leiki eða fleiri og er hópurinn í heild sinni með 482 leiki. Það eru tæplega 47 prósentum færri leikir en í leikmannahópnum sem mætti Ungverjum fyrir ellefu mánuðum. Af þessum 482 leikjum eiga þrír leikmenn hópsins í kvöld, nafnarnir Birkir Már og Birkir og Ari, 283 leiki.

Hver tekur við hönskunum?

Hannes Þór Halldórsson kveður sviðið eftir að hafa átt stöðuna um margra ára skeið. Hannes er besti markvörður í sögu Íslands og skarðið sem hann skilur eftir sig er stórt. Rúnar Alex Rúnarsson hefur setið á hliðarlínunni undanfarin ár og beðið eftir tækifærinu.

Ekki er öruggt að Rúnari takist að eigna sér stöðuna nú þegar Hannes er hættur. Ungu mennirnir Elías Rafn Ólafsson og Patrik Sigurður Gunnarsson, gera tilkall til þess að fá tækifærið í þessu verkefni. Elías Rafn hefur orðið að stjörnu með danska liðinu Midtjylland á undanförnum vikum. Stór hluti knattspyrnuáhugafólks vill sjá Elías fá tækifæri. Á sama tíma hefur Patrik Sigurður staðið sig vel í Noregi. Rúnar Alex sem er í eigu Arsenal var lánaður til OH Levuven í Belgíu á dögunum en á eftir að spila sinn fyrsta leik.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 7. október 2021

Flytjendur, frá vinstri: Þorleifur Gaukur, Tómas, Leifur og Magnús. MYND/AÐSEND

Óskalög hlustenda leikin á hádegistónleikum

starri@frettabladid.is

Óskalög hlustenda verða flutt á hádegistónleikum í Borgarbókasafninu Grófinni í dag, í Gerðubergi í Breiðholti á morgun föstudag og loks í Spönginni í Grafarvogi á laugardag.

Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröðinni Jazz í hádeginu, og nú eru það fastagestir tónleikaraðarinnar sem fá að velja lögin en á síðustu tónleikum gafst þeim kostur á að skrifa niður óskalög. Fjöldi fjölbreyttra og skemmtilegra óskalaga barst skipuleggjendum tónleikanna en bróðurpartinn af þeim má flokka sem íslensk og erlend dægurlög. Tónleikarnir í dag og á morgun hefjast klukkan 12.15 og standa yfir til 13. Tónleikarnir á laugardag hefjast klukkan 13.15 og standa yfir til 14.

Djass í hádeginu

Flytjendur eru Þorleifur Gaukur Davíðsson sem spilar á munnhörpu, Tómas Jónsson spilar á píanó, Magnús Trygvason Eliassen á slagverk og Leifur Gunnarsson spilar á kontrabassa.

Tónleikaröðin Jazz í hádeginu hefur getið sér gott orð undanfarin sjö ár og var meðal annars tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrr á þessu ári.

Aðgangur er ókeypis.

Nánari upplýsingar má finna á Facebook-síðu Borgarbókasafnsins. ■

Þórdís Helgadóttir er hæfileikarík skáldkona með sterka rödd og rómantískan fatastíl. Kjóllinn er úr Maiu og jakkann fann hún á fatamarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gæti aldrei verið stílhrein

Þórdís Helgadóttir er með tvær bækur í jólabókaflóði þessa árs, annars vegar ljóðabókina Tanntöku, sem hún gefur út á vegum Forlagsins, og skáldsöguna Olíu, sem hún skrifar í samstarfi við fimm aðra höfunda sem skrifa undir nafninu Svikaskáld. 2

Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria
@frettabladid.is

„Ég var sein af stað á skáldaveginn og þorði ekki að vera listamaður fyrr en ég var komin yfir þrítugt. Mig hafði lengi langað til að skrifa og ákvað að standa með draumnum og skráði mig í ritlistarnám. Eftir það byrjaði boltinn að rúlla. Fyrsta bókin mín, smásagnasafnið Keisaramörgæsir, kom út 2018. Núna kemur mín önnur eigin bók, Tanntaka, út og er það ljóðabók," segir Þórdís Helgadóttir. Þórdís er ein Svikaskálda, en hópinn skipa sex skáldkonur. „Við höfum gefið út þrjár ljóðabækur og kom fyrsta skáldsagan okkar, Olía, út í gær hjá Forlaginu."

Grensan á milli

Allajafna vinnur Þórdís á mörkum hins raunverulega og óraunverulega. „Árið 2019 var ég ráðin sem leikskáld Borgarleikhússins. Ég samdi verk sem átti að sýna í fyrra, en vegna faraldursins á það enn eftir að birtast á fjölunum. Verkið er eins konar absúrd, hryllingsdrama um kynslóðir, áföll, mæður, dætur og allt þar á milli.

Þetta hefur verið ákveðið þema hjá mér upp á síðkastið. Ég er algerlega gagntekin af mannlegri hegðun sem stýrist af óheilbrigðum viðbrögðum við alls kyns tilfinningum, sárum og áföllum. Ég hef gaman af þessu skrítna, að taka eitthvað skrítið, skrúfa upp í því og leika mér með það. Mér finnst gaman að vera á grensunni á milli veruleika, raunsæis og fantasíu og sýna hvernig það sem við teljum eðlilega hegðun getur verið svo absúrd og klikkað. Ég sé það hjá sjálfri mér og fólkinu í kringum mig. Við verðum fyrir áföllum og fólk virðist vera með alls konar undarlega mekanisma til þess að forðast að vinna úr hlutunum og tilfinningum. Viðbrögð fólks geta verið svo skrítin og mér finnst gaman að skoða húmorinn í því hvað við erum öll skrítin og asnaleg."

Hryllingur og fegurð

Ljóðabókin Tanntaka segir Þórdís að sé pæling um þroska, um það að fullorðnast og vera í stöðugri umbreytingu og að fara á milli hlutverka. Þá skoðar hún móðurhlutverkið í áhugaverðu ljósi. „Þetta fjallar ekki bara um að vera mamma, en hlutverkið sjálft er svo djúsí. Það er eitthvað svo líkamlegt og existensíalískt og fullt af líkamshryllingi. Hlutverkið er ríkt af alls konar myndhverfingum eins og að skipta um ham, sem getur bæði verið fallegt en líka frekar ógeðslegt.

Verkið er pínu hrátt og mér finnst mjög uggandi að vera ljóðskáld. Það er eitthvað mjög persónulegt við að gefa út ljóðabók og öðruvísi en að gefa út sögur. Ég er mun spéhræddari við að vera ljóðskáld en smásagnahöfundur, því í ljóðunum er ekki hægt að fela sig á bak við sögurnar."

Samunnið skáldverk

Olía er sérstakt verk í íslenskri bókmenntasögu enda unnið af sex höfundum. „Svikaskáld hafa starfað frá 2017. Við höfum gefið út bækur saman, haldið námskeið og alls konar. Þetta er frábær félagsskapur og það er ótrúlega skemmtilegt og gefandi að glíma við það að skapa saman. Bókmenntir hafa lengi haft orð á sér að vera einmanalegt listform ef við berum þær saman við önnur listform eins og dans eða leiklist. En þær þurfa ekki að vera það. Það er í raun ekkert sem segir að bókmenntir þurfi að vera einmanalegar. Ekkert nema hefðin kannski."

Olía er fyrsta skáldsaga Svikaskálda og vonandi ekki sú síðasta.

Kjólinn fann Þórdís í verslun í Haarlem í Hollandi og jakkinn er um tíu ára gamall ullarjakki úr Zöru. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þennan rómantíska blómakjól keypti Þórdís í Gallerí 17 fyrir útgáfuhóf Tanntöku. „Ég ákvað að fara alla leið í rómantíkina áður en ég yrði endanlega miðaldra. Svo skellti ég lifandi orkídeu í hárið."

„Fyrst bjuggum við til persónurnar og svo skrifuðum við verkið. Persónurnar eru ólíkar týpur á ólíkum aldri. Þær eiga það þó allar sameiginlegt að vera „erfiðar konur" í togstreitu við samfélagið og hlutverkin sem þeim eru ætluð. En það er samt engin önnur leið fyrir þessar konur að vera, en að vera erfiðar, í þeim aðstæðum sem þær lenda í og í þessu karllæga samfélagi. Hver okkar skapaði eina persónu. Svo fléttast líf þeirra saman í bókinni. Við unnum verkið út frá baráttu kvennanna við sjálfar sig, hverja aðra eða jörðina."

Ný verkfæri

Þórdís hefur komið víða við í bókmenntaheiminum og vinnur í ýmsa miðla. „Mér þykir gaman að fara á milli og prófa nýja miðla. Það er ólíkt að skrifa ljóð eða skáldsögu heldur en að vinna í leikhúsinu eða annað. Auðvitað er það krefjandi að læra sífellt á ný og ný verkfæri. Þegar þú lærir á nýtt form vantar svo stóran hluta af gömlu verkfærunum, en það má ýmislegt nota á milli miðla. Svo lærir maður alltaf eitthvað nýtt og getur haft með sér á milli forma."

Þrátt fyrir að vinna í mörgum miðlum býr Þórdís yfir einkennandi höfundarrödd sem hefur vakið athygli víða í bókmenntasamfélaginu. „Ég nota innsæið mjög mikið við sköpunina. Áður en ég fór í ritlist var ég mjög greinandi og sótti í heimspekina.

Einn daginn á fyrstu önninni minni í ritlistinni þá fattaði ég hvernig ég á að skrifa. Soffía Bjarnadóttir rithöfundur kenndi okkur að kafa í drauma og dagdrauma og nota sem innblástur. Þarna fann ég tækni sem funkeraði til þess að komast fram hjá öllum hindrunum og stíflum. Ég nota ákveðna tækni í byrjun til þess að loka á lætin í hausnum á mér og setja í samhengi. Fyrst opna ég autt skjal í tölvunni og byrja að skrifa eitthvað út í loftið.

Fyrir mig virkar það ekki að setjast niður til þess að skrifa eitthvað ákveðið. Ég verð að fara öfuga leið að skáldskapnum. Þá kemur þetta. Þetta er eina leiðin sem ég kann. Ég er samt enn undir mjög miklum áhrifum frá heimspekinni. Greinandinn í mér kemur svo aftur inn í ferlið þegar ég vinn sögurnar eða ljóðin áfram."

Höfundarstíll og fataeinkenni

Þórdís hefur gaman af því að klæða sig upp og segist vera með veikan blett í hjartanu fyrir öllu sem er rómantískt. „Mér finnst mjög gaman að klæða mig upp á og elska að hafa tilefni til þess að fara í bleika pelsinn eða fína kjólinn. Á sama tíma er ég samt oftast hrædd við að vera „overdressed" eða of fín. Ég er alger sökker fyrir öllu sem er rómantískt, pífum, blúndum, og finnst æðislegt að vera með lifandi blóm í hárinu. En það er ekki alltaf praktískt og rómantíkin þarf eitthvert mótvægi. Það þarf líka að vera eitthvað töff finnst mér.

Ég var svo hissa þegar vinir mínir sögðu eitt sinn við mig að ég væri með svo flottan og skýran fatastíl, því ég hef alltaf öfundað fólk sem er með augljósan stíl. Svona týpur sem eru kannski alltaf í svörtum rúllukraga og ógeðslega töff. Ég ímynda mér að þetta fólk hljóti að vera með allt á hreinu og hef oft fantaserað um að nú ætli ég að verða þessi týpa. Ég klippi á mér hárið og fer í svartan rúllukraga, en svo koma bara dagar þar sem maður getur bara alls ekki verið í svörtum rúllukragabol. Ég á rosalega erfitt með að skuldbinda mig við einn stíl. Mér finnst þetta fólk sjúklega kúl en ég gæti bara aldrei verið svona stílhrein.

En það er kannski eins með fatastíl og höfundareinkenni? Kannski er erfitt að fatta það sjálfur að maður sé að gera eitthvað ákveðið fyrr en einhver bendir manni á það. Ég er auðvitað bara ómeðvitað að elta uppi það sem heillar mig og mér finnst fallegt og það kemur auðvitað fram hjá mér í fatastílnum jafnt sem og í skrifunum."

Tískuvagnar

„Ég viðurkenni að ég er frekar illa að mér í tískunni. Mér finnst gaman að skoða Vogue en ég hef ekki efni á að kaupa fötin þar. Hér heima dýrka ég Yeomanfatamerkið. En það er kannski orðið eins og Múmínbollinn fyrir ákveðinn samfélagshóp. Svo er ég mjög skotin í fatahönnuðinum Andreu í Hafnarfirði. Hún er með geggjaða kjóla og það er dálítil rómantík í henni.

Ég er þó alger sökker fyrir öllu nýju. Ég fylgist ekki jafn vel með og þegar ég var yngri. Kannski þarf maður að vera ákveðið ungur til að vera með allt á hreinu í tískunni. Núna er ég tveggja barna móðir og farin að róast. Ég er samt frekar íslensk í nýjungagirninni og hoppa stundum á einhverja tískuvagna. Núna er ég til dæmis rosalega veik fyrir pastellitum og er oft í pastelalklæðnaði. Áður klæddi ég mig þó aldrei í pastel. Tískuvagnarnir passa mér misvel, og ég man alveg eftir vafasömum ákvörðunum eins og ofplokkuðum augabrúnum og slíku. Ég held að eftir því sem maður eldist þá læri maður betur á sig."

Sumar flíkur búa yfir galdri

Þórdís segir að hún hafi nýlega tekið Marie Kondo-aðferðina á fataskápinn. „Ég er ekkert rosalega klár í að kaupa mér föt. Ég á alltaf nokkrar flíkur sem eru uppáhalds. Svo á ég slatta sem ég hélt að virkuðu í búðinni en nota aldrei. Núna er ég dugleg að pakka flíkunum niður sem ég nota aldrei og vera bara með geggjuðu fötin uppi. Ég á mér stundum uppáhaldsflíkur sem ég geng í þar til þær detta í sundur. Núna syrgi ég samfesting sem ég keypti í Dublin fyrir þremur árum en er nú að detta í sundur. Sumar flíkur eru með einhvern galdur, þær passa svo fullkomlega á mann og gera eitthvað fyrir mann, að það verður erfitt að láta þær frá sér." ■

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

ROFA
FASHION GROUP

Skoðið // www.hjahrafnhildi.is

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Silkislæður skreyttar íslenskri náttúru

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn@frettabladid.is

Að eiga sér draum og koma honum í framkvæmd er afrek út af fyrir sig og öðrum hvatning til eftirbreytni. Gauja Hálfdánardóttir er ein þeirra sem létu drauminn rætast þegar hún stofnaði fyrirtækið MEMO Iceland sem hannar og selur silkislæður.

Gauja Hálfdánardóttir segir að það hafi verið frábær tilfinning, eftir langt og strangt ferli, að fá fyrstu sýnishornin í hendurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Ég stofnaði MEMO Iceland árið 2014 með vinkonu minni. Það hafði lengi blundað í mér draumur um að eiga og reka mitt eigið fyrirtæki og sá draumur rættist þegar hugmyndin með silkislæðurnar kviknaði," segir Gauja en hún er með BS í ferðamálafræði og master í mannauðsstjórnun og ákvað síðan að bæta við sig stjórnendamarkþjálfun árið 2018.

„Hingað til hef ég starfað við nánast allt sem snýr að mannauðsmálum og sinni fyrirtækinu í frítíma. Reynslan mín á vinnumarkaðnum nýtist vel í fyrirtækjarekstrinum því mannleg samskipti skipa þar stóran sess. Ég starfa í dag sem mannauðsráðgjafi á velferðarsviði hjá Reykjavíkurborg og kem þar að mjög fjölbreyttum verkefnum. Mér finnst gaman að vinna með fólk og aðstoða stjórnendur í sínu starfi. Því fer það mjög vel saman að vera bæði með mannauðsstjórnun og markþjálfun."

Aðspurð segist Gauja alltaf hafa haft áhuga á hönnun og tísku og hugmyndina að hönnun ávallt blundað í henni.

Er einhver saga bak við hönnun þína á slæðunum og ástríðu fyrir því sem þú ert að gera?

„Já, eftir að löngunin kviknaði til að stofna fyrirtæki voru stöðugt að poppa upp hugmyndir í kollinum á mér. Það var svo árið 2013 þegar ég sá mynd af fallegum vasaklút á Pinterest með mynd af fjöllum og náttúru. Það sem greip strax augað var mynstrið og litirnir í náttúrunni á klútnum og ég sá um leið fyrir mér fallega silkislæðu með mynd af íslenskri náttúru.

Við vinkonurnar vorum snöggar að taka ákvörðun um að kýla á þessa hugmynd og láta verða af þessu. Ég sá um hönnun, sölu og markaðsmál en hún um pantanir, bókhald og reikninga, sem voru mjög góð skipti. Þegar kom að því að finna myndir á slæðurnar, þá horfði ég annars vegar á þekkta og fallega ferðamannastaði en ekki síður mynstrin og litina.

Ég leitaði ekki langt yfir skammt og fann tvær ljósmyndir í fjölskyldualbúminu, annars vegar af Veiðivötnum sem pabbi hafði tekið og Jökulsárlóni sem frænka mín tók. Ég fékk leyfi frá þeim að nota myndirnar og þá þurfti að finna framleiðanda og fá prufur. Það var frábær tilfinning, eftir langt og strangt ferli, að fá fyrstu sýnishornin í hendurnar.

Þessi fallega slæða sýnir vel norðurljósin. Litirnir eru stórkostlegir.

Slæðurnar er hægt að nýta á margvíslegan hátt, eins og myndirnar sýna.

Gauja er ánægð með hversu vel íslenskar konur hafa tekið slæðunum.

„Það sem greip strax augað var mynstrið og litirnir í náttúrunni á klútnum og ég sá um leið fyrir mér fallega silkislæðu með mynd af íslenskri náttúru," segir Gauja.

Slæðurnar koma til okkar í plasti og mér fannst það alls ekki koma til greina að selja þær þannig. Ég lét því hanna svartar öskjur með silfurlógói og endurpakka slæðunum í silkipappír. Með hverri slæðu fylgir jafnframt kort með myndinni og texta um staðinn á ensku og íslensku. Með þessum umbúðum fannst mér varan vera orðin fullkomin og tilbúin í sölu. Umbúðirnar gera silkislæðuna líka miklu fallegri og hentugri sem gjöf."

Augnablikið fangað í upplifun

Gauja segir að heitið á vörumerki slæðanna, MEMO Iceland, sé tengt við minningar eða „memories". „Okkur fannst það passa vel við þá hugmynd sem lá að baki hönnuninni enda eru slæðurnar hugsaðar bæði sem minjagripir og fylgihlutir. Hugmyndin mín var að slæðurnar myndu fanga augnablikið sem ferðamaðurinn upplifði á Íslandi. Með því að kaupa sér slæðu þá væri viðkomandi bæði með minningu frá fallegum stað á Íslandi sem og glæsilegan fylgihlut sem hægt er að nota við ýmis tækifæri.

Á þessum tíma var ekki mikið til af íslenskum minjagripum í verslunum. Ferðamönnum var að fjölga hratt og margar verslanir fyrir erlenda ferðamenn að opna. Ég setti mig fljótlega í samband við stærstu söluaðilana, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi. Það var virkilega ánægjulegt að finna hversu jákvæð viðbrögðin voru enda voru engar sambærilegar vörur til á þessum tíma. Fljótlega voru slæðurnar komnar í sölu í Saga Shop, Fríhöfninni og víðast hvar um landið."

Jökulsárlón og Veiðivötn

Fyrstu slæðurnar voru af Jökulsárlóni og Veiðivötnum og seldust þær strax mjög vel að sögn Gauju. „Með tímanum bætti ég svo við fleiri týpum og hlýrri litum því ég áttaði mig á því að litirnir í Jökulsárlónslæðunni eru kaldir og henta ekki öllum. Þegar ég sá ljósmynd hjá vinkonu minni af Landmannalaugum, með brúnum og gylltum litum, fékk ég leyfi til að nota hana á eina silkislæðu. Síðan þá hafa bæst við slæður með mynd af Seljalandsfossi og Skeiðarársandi, með gráum, brúnum og dröppuðum tónum og tvær með myndum af norðurljósunum sem eru með þessum fjólubláu og grænu litum. Þær eru vinsælastar á meðal erlendra ferðamanna, sem kemur kannski ekki á óvart. Nú ættu allar konur að finna slæðu við sitt hæfi með litum sem fara þeim."

Hvernig voru viðtökurnar á slæðunum?

„Þær voru virkilega góðar. Eins og ég nefndi var hugmyndin upphaflega sú að hanna silkislæður sem íslenska minjagripi fyrir erlenda ferðamenn en fljótlega fann ég að áhugi íslenskra kvenna á slæðunum var mjög mikill og er enn. Þær hafa verið stór kúnnahópur og eru bæði að kaupa fyrir sjálfa sig en einnig mikið í gjafir. Mér þykir afskaplega vænt um það hvað íslenskar konur hafa verið hrifnar af slæðunum og mér hlýnar alltaf um hjartarætur að sjá konu með silkislæðu frá mér."

Þegar kemur að vali að formum og myndum, er eitthvað sem heillar þig frekar en annað?

„Já, þegar ég sé mynstur í náttúrunni með fallegum litum. Brúnir og bláir tónar saman heilla mig gjarnan og oftast sé ég mynstrið fyrir mér á silkislæðu. Þegar þú ert með slæðuna, þá sérðu ekki endilega að þetta sé ljósmynd heldur frekar bara fallegt mynstur á silki. Ég er ekki mikið fyrir skræpótt mynstur og ég viðurkenni það alveg að ég átti fyrst erfitt með gera slæðu með norðurljósamynd því mér fannst litirnir svo sterkir. En svo komu þær báðar svo vel út að ég sé ekki eftir því."

Spennandi tímar fram undan

Fyrir tveimur árum ákvað vinkona Gauju að snúa sér að öðrum verkefnum og í dag á Gauja fyrirtækið ein. „Mér finnst virkilega spennandi að velta fyrir mér meiri vöruþróun og er með ýmsar spennandi hugmyndir á teikniborðinu. Covid var erfiður tími fyrir þennan rekstur þar sem allir endursöluaðilarnir okkar lokuðu verslunum sínum.

En nú eru bjartari tímar fram undan og um þessar mundir er ég að setja mig í samband við verslanir og koma silkislæðunum aftur í hillurnar. Nú er ferðamannastraumurinn að fara aftur af stað og þá lifna verslanirnar við. Eins langar mig að leggja meiri áherslu á að selja silkislæðurnar í tískuvöruverslunum á landsbyggðinni. Ég nýtti Covid-tímann vel í að bæta vefverslunina memoiceland.is og þar hefur salan verið að aukast jafnt og þétt." ■

MARINE COLLAGEN FYRIR HÚÐ, HÁR OG NEGLUR

Arctic Star

Kollagen er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans. Kollagen er í öllum liðum, liðamótum, vöðvum, sinum og beinum mannslíkamans og:

- Seinkar öldrun húðarinnar
- Dregur úr sýnilegum hrukkum og fínum línum í húðinni
- Eykur rakastig og stinnleika húðarinnar
- Lagfæra háræðaslitasvæði
- Stuðlar að upptöku kalsíums og kalsíumuppbótar.

Vítamín C:

- Stuðlar að eðlilegri myndun kollagens fyrir starfsemi brjósks, beina og húðar
- Stuðlar að eðlilegri starfsemi tauga- og ónæmiskerfisins
- Stuðlar að því að verja frumur fyrir oxunarálagi og draga úr þreytu
- Stuðlar að endurnýjun afoxaðs forms E-vítamíns og aukinni upptöku járns.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA,
Framleiðandi er Arctic Star ehf.
Allar nánari upplýsingar fast á www.arcticstar.is
Arctic Star Marine Collagen
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum, Hagkaupum, og Fjarðakaup.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavik - S: 562-9018 / 898-5618

YEST/YESTA Peysukjóll
Stærðir 38-56
Verð kr. 10.980

YEST/YESTA Basic skyrtukjóll
Stærðir 38-56
Verð kr. 14.980

ZE-ZE kjóll
Stærðir 38-48
Verð kr. 9.990

ZE-ZE kjóll
Fæst líka í bláu
Stærðir 38-48
Verð kr. 8.990

NO SECRET pleðurkápa
Stærðir 42-52
Verð kr. 22.980

yesta BY X-TWO | yest | no secret | Q'neel | ROBELL | ZHENZI | ZE-ZE Nordic | OPHILIA

NO SECRET peysa
Stærðir 42-52
Verð kr. 10.980

ZHENZI peysubolur
Stærðir 42-56
Verð kr. 7.990

SUNDAY kragabolur
Fæst í fleiri litum
Stærðir 38-52
Verð kr. 8.980

YEST/YESTA peysa
Stærðir 38-56
Verð kr. 10.980

YEST/YESTA peysa
Stærðir 38-56
Verð kr. 9.980

SYBEL | festival DENMARK | STUDIO | GOZZIP | SANDGAARD | LASESSOR | FRANDSEN | Tamaris | Handberg | Jana

ZE-ZE náttföt
Fæst líka í bláu og beige
Stærðir 38-48
Náttbolur kr. 4.990 Náttbuxur kr. 5.990

ZE-ZE röndóttur náttkjóll
Fæst líka í bláu og beige
Stærðir 3-48
Verð kr. 5.990

ZE-ZE einlitur náttkjóll
Fæst líka í bláu og beige
Stærðir 3-48
Verð kr. 5.990

LASESSOR MOOMIN silkiklútur
Fleiri litir til
Stærð: 53 x 53 cm
Verð kr. 5.990

Tamaris ökklaskór
Stærðir 37-42
Verð kr. 27.980

TAMARIS inniskór
Fást í fleiri litum
Stærðir 37-42
Verð kr. 9.990

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Homer Simpson tók yfir sviðið hjá Balenciaga

Það var heldur betur óvænt uppákoma á tískuvikunni í París um síðustu helgi þegar Balenciaga kynnti sumartískuna 2022. Það var engin önnur en Simpsonfjölskyldan sem mætti til leiks.

elin@frettabladid.is

Gestir tískuvikunnar eru vanari því að fylgjast með frægum fyrirsætum á borð við Hadid-systurnar en teiknimyndapersónum. Balenciaga hafði útbúið móttökuna eins og um frumsýningu í Hollywood væri að ræða. Rauður dregill og rauðir veggir blöstu við gestum og módelum sem klæddust sumarfatnaði Balenciaga. Fyrirsæturnar voru myndaðar um leið og þær gengu inn og sýndar á stórum skjá í salnum. Það var því ekki hefðbundin sviðsframkoma.

Simpsonfjölskylduna þekkja allir enda hefur hún verið á skjánum í 34 ár.

Fyrirtækið hafði látið gera tíu mínútna Simpson-mynd þar sem Balenciaga var í aðalhlutverkinu með fjölskyldunni í Springfield. Í myndinni fær Marge Simpson að upplifa draum sinn um að klæðast Balenciaga. Ekki versnar það þegar íbúum í Springfield er boðið til Parísar til að taka þátt í tískusýningu fyrirtækisins. Við þekkjum persónurnar úr teiknimyndinni þegar þær koma fram á sviðið hver af annarri í glæsilegum klæðnaði frá Balenciaga. Áhorfendur eru ekki af verri endanum, Kim Kardashian, Kanye West og Justin Bieber. Að auki má sjá Önnu Wintour, ritstjóra tískutímaritsins Vogue, sem lætur sig yfirleitt ekki vanta á tískusýningar þekktustu tískuhönnuða. Hönnuður Balenciaga, Demna Gvasalia, sést einnig í myndinni.

Simpsonfjölskylduna þekkja allir enda hefur hún verið á skjánum í 34 ár. Hönnuðurinn Gvasalia mun hafa verið einlægur aðdáandi allt frá barnsaldri en hann er ættaður frá fyrrum Sovétríkjunum. Þetta mun ekki vera í fyrsta skipti sem Gvasalia fer aðrar og nýjar leiðir til að kynna hönnun sína.

Simpson-myndin er stórskemmtileg og það má horfa á hana á YouTube. ■

Rapparinn Cardi B klæðist hér kápu og hatti frá Balenciaga. Kápan er skreytt með úrklippum blaða. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Fyrirsætan Naomi Campell í dragt frá Balenciaga úr sumaratískunni.

Fyrirsætur á rauða dreglinum í sumartísku Balenciaga fyrir 2022.

Homer Simpson tekur sig vel út á sviðinu hjá Balenciaga í rauðri úlpu með sólgleraugu.

Ritstjórinn Anna Wintour mætti líka í eigin persónu í kápu frá Balenciaga.

Ritstjóri Vogue, Anne Wintour, er að sjálfsögðu með í „showinu“.

GOLFHERMAR

Sérblað um golfherma kemur út laugardaginn 16. október.

Í blaðinu gefst fyrirtækjum og klúbbum tækifæri til að koma á framfæri því sem þau bjóða upp á fyrir golfáhugamenn í vetur.

Tryggðu þér auglýsingapláss í mest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Ruth Bergsdóttir, sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími: 694-4103 / ruth@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

NÝTT FRÁ

GERRY WEBER

TAIFUN

Fylgdu okkur á Facebook

BERNHARÐ LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ

TRAUST Í 80 ÁR

Skoðið laxdal.is

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

Laxdal er í leiðinni

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

SPA bíll

Nýr 2021 Mitsubishi Outlander Hybrid Spirit+ Tíglamynstruð leður á sætum. 18" álfelgur. 5 ára evrópsk verksmiðjuábyrgð. Verð 5.990.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699-6069 eða 663 5315

Bókhald

FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA
Bjóðum einstaklingum framtals-aðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma 8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is

Rétta ráðgjafa- og bókhaldsþjónusta

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN Í MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Úrbætur vegna mengunartjóns

Tillaga að fyrirmælum um úrbætur vegna mengunartjóns á Hofsósi

Umhverfisstofnun auglýsir á heimasíðu sinni, tillögu að fyrirmælum um úrbætur vegna mengunartjóns af völdum bensínmengunar úr olíutanki N1 á Hofsósi, í samræmi við málsmeðferð 15. gr. laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna er til og með **20. október 2021.** Ábendingum og athugasemdum má skila inn með tölvupósti á netfangið ust@ust.is eða með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar www.ust.is

BÓLSTRUN – SAUMASKAPUR

Uppgerðir Rokkókóstólar með áklæði að eigin vali á góðu verði

Öll almenn bólstrun - úrval vandaðra áklæða og leður.
Tökum allskonar saumaskap ,t.d. dýnur í hjólhýsi, húsbíla ofl.

Sérhæfum okkur í bílsætaviðgerðum, mótorhjólum, snósleðasætum, límum og gerum við tréverk á húsgögnum.

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin | S. 544 5750 | www.hsbolstrun.is

DOMUSNOVA Fasteignasala

Hlíðasmára 4 • 200 Kópavogur • domusnova@domusnova.is • S 527 1717

Einbýli / Sumarhús við Flúðir

Þetta vel við haldna 214fm. einbýlishús við Miðfell rétt við Flúðir er nú til sölu. Glæsilega staðsett með stórbrotnu útsýni yfir nærliggjandi sveitir.

• Heitur pottur í garði • Arinn í stofu • Malbikað að hlaði.

Hagstæð lánakjör í boði.
Eignarhlutur í Miðfellsfjalli með veiðiréttindum í vatni og 50% eignarhlutur í Neðri- og Efsta dal.
Laust fljótlega til afhendingar.

Allar frekari upplýsingar veitir Agnar lgfs. í s. 820-1002 eða agnar@domusnova.is

www.domusnova.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
ishúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

EYJALIND

Gúmmíbelti
- Fyrir smágröfur

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIR TÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

20% AFSLÁTTUR AF YVES SAINT LAURENT Á KRINGLUKASTI

Lyf & heilsa

Merkisatburðir

1391 Birgitta Birgisdóttir tekin í dýrlingatölu.
1828 Konungur gefur út úrskurð um að kirkjudyr skuli opnast út.
1893 Skipstjóra- og stýrimannafélagið Aldan stofnað.
1920 Konur fá að útskrifast með prófgráður frá Oxford-háskóla.
1949 Austur-Þýskaland stofnað.
1954 Minjasafn Reykjavíkur stofnað. Síðar er því skipt í Árbæjarsafn og Borgarskjalasafn.
1989 Fyrstu fjöldamótmælin gegn stjórn Austur-Þýskalands hefjast í Plauen.
1992 Flóðljós á Laugardalsvelli í Reykjavík tekin í notkun.
1998 South Park-þátturinn „Chef Aid" er sendur út, þar sem Chewbacca-vörninni er lýst.
2001 Stríðið í Afganistan hefst.
2003 **Arnold Schwarzenegger** kjörinn fylkisstjóri Kaliforníu.
2008 Íslenska fjármálaeftirlitið tekur yfir rekstur Landsbanka Íslands.
2008 Rússland býðst til að veita Íslandi lánafyrirgreiðslu upp á fjóra milljarða evra.
2008 Davíð Oddsson segir í Kastljósi: „Við ætlum ekki að borga erlendar skuldir óreiðumanna."
2013 Stöð 3 hefur göngu sína á Íslandi.

†

Ástkær móðir okkar,

Ólöf Inga Klemenzdóttir

Naustabryggju 15,

lést föstudaginn 10. september sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

Fyrir hönd aðstandenda,
Þórunn og Hrafnhildur Inga Halldórsdætur

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

Heiðbjört Erla Árnadóttir

Þórðarsveig 5, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 29. september. Hún verður jarðsungin frá Hjallakirkju í Kópavogi mánudaginn 11. október kl. 13.

Magnús Magnússon **Tuna Hauge**
Sigrún Gísladóttir **Flosi Jónsson**
Jóhannes Helgi Gíslason
barnabörn og systkini.

†

Þökkum innilega öllum þeim sem sýndu okkur samúð og stuðning við andlát og útför okkar hjartkæra

Jóns Sigurðssonar

fyrrverandi skólastjóra,

sem lést 10. september síðastliðinn. Sérstakar þakkir fær starfsfólk líknardeildar Landspítalans og HERU, sérhæfðrar líknarheimaþjónustu, fyrir samhug, aðstoð við aðstandendur og einstaka umönnun.

Sigrún Jóhannesdóttir
Óli Jón Jónsson **Ágústa Kristófersdóttir**
Snorri Jónsson **Bára Ósk Einarsdóttir**
Kristín Emilsdóttir **Helgi Björnsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Valgeir Ingvarsson

garðyrkjumaður,
Borgarheiði 41, Hveragerði,

lést 2. október á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Útförin fer fram frá Hveragerðiskirkju, föstudaginn 8. október kl. 14.

Lilja Guðmundsdóttir **Símon Arnar Pálsson**
Guðrún Guðmundsdóttir **Össur Emil Friðgeirsson**
Björn Guðmundsson **Sigríður Magnúsdóttir**
afabörn og langafabörn.

Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna viðurkennir íslenska glímu sem hluta af þjóðarhefð. MYND/GLÍMUSAMBAND ÍSLANDS

UNESCO viðurkennir glímu sem íslenska þjóðararfleifð

Glímusambandið hefur þurft að verja glímuna sem séríslenska íþrótt. Nú er hún komin í sérstakan hóp með laufabrauðinu, brúnuðu kartöflunum og handritunum, sem viðurkennd menningararfleifð Íslendinga.

kristinnpall@frettabladid.is

Íslenska glíman hefur hlotið viðurkenningu Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) sem sérstakur hluti af af menningararfleifð Íslendinga.

„Þetta er viðurkenning af hálfu UNESCO á Íslandi á að íslensk glíma sé hluti af þjóðarhefð landsins og auðvitað langar okkur að fara lengra með þetta. Við teljum glímuna vera í stakk búna til þess," segir Svana Hrönn Jóhannsdóttir, formaður Glímusambandsins.

Hún segir viðurkenninguna færa glímunni ákveðna viðurkenningu, vernd og samþykki og opna um leið aðra glugga til framtíðar.

Íslandsglíman er elsta íþróttamót landsins, sem hefur verið keppt á frá 1906 ef undanskilin eru fimm ár þegar fyrri heimsstyrjöldin gekk yfir.

Á heimasíðu UNESCO á Íslandi kemur fram að menningarleg fyrirbæri á listanum séu menningarminjar sem hafi sérstakt varðveislugildi. Hægt er að senda inn umsóknir og hefur fólk meðal annars sótt um að laufabrauð, slátur, þjóðdansar, ljóð, tröll og brúnaðar kartöflur komist á listann.

Svana segir viðurkenningu UNESCO mikils virði fyrir glímuna.

„Þetta er um leið ákveðin kynning fyrir íþróttina, að vera þarna inni, og samþykki á okkar starfi. Við erum að berjast við fólk sem er að reyna að eigna sér þessa íþrótt eða breyta því sem er í okkar eigu. Þessi glíma sem við erum að æfa og keppa í er alíslensk frá grunni. Þetta er eitt af skrefunum sem við erum að taka til þess að taka íþróttina okkar til baka," segir Svana sem tekur undir að glíman sé ekki jafn sýnileg og oft áður.

„Íþróttin er því miður orðin örlítið falin, því starfið er í fullum gangi og mörg mót á hverju ári. Við erum auðvitað að berjast við aðrar íþróttir og

Viðurkenningin veitir vernd og opnar möguleika. MYND/GLÍMUSAMBAND ÍSLANDS.

afþreyingu," segir Svana og tekur undir að með þessu sé verið að undirstrika að íslensk glíma sé þjóðaríþrótt Íslendinga. „Við tölum alltaf um þetta sem íþrótt þjóðarinnar, enda er hvergi annars staðar keppt í þessari íþrótt. Það er hægt að rekja sögu glímunnar alveg aftur til landnáms og þetta er sennilega ein af elstu íþróttunum sem þekkjast." ■

Þetta gerðist: 7. október 1996

Sjónvarpsstöðin Fox News hóf göngu sína

Bandaríska sjónvarpsstöðin Fox News var upprunalega búin til af fjölmiðlarisanum Rupert Murdoch, sem réð fyrrverandi yfirmann á NBC-sjónvarpsstöðinni, Roger Ailes, sem forstjóra. Útsendingar hófust á þessum degi árið 1996. Þá náði stöðin til um sautján milljóna áhorfenda.

Nú nær stöðin til yfir 100 milljóna heimila í Bandaríkjunum. Sjónvarpsstöðin hefur verið harðlega gagnrýnd fyrir hlutdrægni í fréttaflutningi og fyrir að ýta undir íhaldssamar stjórnmálaskoðanir. Þá hefur stöðin hlotið gagnrýni fyrir að hygla Repúblikanaflokknum þar í landi. Fjöldi yfirmanna og annarra starfsmanna sjónvarpsstöðvarinnar hefur neitað þessum ásökunum opinberlega í gegnum tíðina.

Árið 2008 safnaðist hópur fólks saman fyrir utan skrifstofur Fox til þess að mótmæla fréttaflutningi stöðvarinnar sem hópurinn taldi yfirfullan af rasisma, meðal annars í garð Barack Obama, sem þá var að bjóða sig fram fyrir Demókrataflokkinn. Stöðin hafði þá ítrekað tengt Obama við hryðjuverk og gert grín að húðlit hans.

Hópurinn, sem samanstóð af um 150 manns, afhenti forsvarsmönnum Fox undirskriftalista frá um sex hundruð þúsund manns sem allir mótmæltu fréttaflutningi stöðvarinnar. ■

Fréttamaðurinn Bill Hemmer les fréttir í myndveri Fox-stöðvarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

HUMAR TEMPURA TACOS

Orly-deig

- 300 g hveiti
- 1 ½ tsk lyftiduft
- 1 ½ tsk salt
- 330 ml Pilsner
- 2 stk egg
- 3 msk ólífuolía

1. Blandið öllum hráefnum saman í skál og pískið þar til jafningur hefur myndast, geymið í kæli á meðan annað er undirbúið en að minnsta kosti í 30 mínútur.

Hrásalat

- 200 g rauðkál, niðurskorið (fínt)
- 2 msk kóríander, saxaður
- ½ rauðlaukur, niðurskorinn (fínt)
- 100 g Hellmann's majónes
- ½ tsk salt
- 1 msk sykur

1. Blandið öllum hráefnum saman með sleif og geymið í kæli fram að notkun.

Humar fyrir orly-deig

- Um 700 g skelflettur humar (fæst í næsta stórmarkaði)
- Salt, pipar og hvítlauksduft
- Steikingarolía (um 700 ml)

1. Skolið og þerrið humarinn, kryddið með salti, pipar og hvítlauksdufti.
2. Setjið humarinn ofan í orly-deigið og veltið um með sleif þar til allir bitar eru hjúpaðir deigi.
3. Hitið steikingarolíuna vel, lækkið svo niður í meðalháan hita. Steikið um 10 humarbita í senn í u.þ.b. 2 mínútur, eða þar til þeir verða gylltir.
4. Notið götóttan spaða til að veiða bitana úr pottinum. Hristið olíuna vel af og leggið bitana á rakadrjúgan pappír svo umfram olía leki af og bitarnir haldist stökkir.

Samsetning og annað hráefni

Eftir að humarinn er klár er öllu raðað í vefjurnar, gott er að bæta við Romain-salati, kóríander, avókadó og kreista örlítinn límónusafa yfir. Að lokum er sett vel af Hellmann's Creamy Chili sósu yfir til að toppa bragðið.

NÝTT

FINNDU STREETFOOD BRAGÐIÐ

eta since 1943 · LG · AEG · Electrolux · Frigor · enox enjoy life ÞÝSKT GÆÐAMERKI

Sparaðu **15.000kr**

AEG

Þvottavél L6FBI48S
8 kg. 1400 snúninga, með kolalausum mótor, Prosense tæknin vigtar þyngd þvottar, velur þvottatíma, styttir þannig bæði tíma, vatn og orku. **1860502**

79.990kr
~~94.990kr~~

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Raftækjadagar

til 17. október

Skannaðu QR kóðann og skoðaðu blaðið á husa.is

25%

damixa™
Eldhúsblöndunar-tæki
Silhouet, brass. **8000070**

3.930kr
~~45.025kr~~

20%

eta since 1943
Ryksuguvélmenni
2 í 1 með skúringavél.
1852101

47.990kr
~~59.990kr~~

32%

BLACK+DECKER
Borvél, 18V
2 stk., rafhlaða 1.5Ah, hersla 40Nm, 2ja gíra, 0-360/1400 sn./mín. **5245567**

16.995kr
~~24.995kr~~

30%

GUSTAVSBERG
Veggskál + seta
Hygienic Flush með setu. **7930304**

39.990kr
~~57.990kr~~

Sparaðu **10.000kr**

FABER
Eyjuháfur
Með LED ljósum og sogkerfi í flokki A. **1869900**

69.990kr
~~92.845kr~~

20%

HiKOKI
HIGH PERFORMANCE POWER TOOLS
12V sett
Borvél: 38Nm, hraði0-350/1400 sn./mín., átakstillingar, Led ljós, 10 mm patróna, **Skrúfvél:** 1/4", 110Nm, hraði 0-2700/3200, 2 rafhlöður BSL 1225M (2,5Ah), hleðslutæki. **5246761**

47.900kr
~~59.875kr~~

31%

NEO TOOLS
Topplyklasett
73 stk., 1/2"-1/4", toppar 4-27 mm. **5052569**

10.995kr
~~15.995kr~~

Sparaðu **15.000kr**

AEG

Þvottavél L7FEE68S
1600 sn., 8 kg, kolalaus mótor, vigtar sjálfkrafa þyngd þvottar, velur ákjósanlegan þvottatíma, ProSteam, 11 þvottakerfi, orkuflokkur C.
1860501

109.990kr
~~124.990kr~~

25%

GROHE

Handlaugartæki
GROHE Essence, New Etgreb., steingrátt. **7911087**

31.790kr
~~42.415kr~~

25%

BerlingerHaus

Hrærivél I -ROSE
6 hraða með turbo hnapp, 6 lítra 18/10 stálskál, deigkrókur, hræra og pískari. 1300W, 220-240v, 50/60Hz,. **1829209**

21.743kr
~~28.990kr~~

25%

orthex™
Plastbox
Pro31. 50x39x26. 32 lítrar.
2002118

3.034kr
~~4.045kr~~

Pottaplöntur

Ný sending vikulega, fullt af flottum plöntum

25% afsláttur

blómaval

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Fallegra heimili

Frábær tilboð í október

Skannaðu QR kóðann
og skoðaðu blaðið
á husa.is

Grænvara

Málning og lakk

25% afsláttur

Parket og flísar

25% afsláttur

Blöndunar-tæki

25% afsláttur

Orthex geymslubox

25% afsláttur

eta since 1943 smá-raftæki

20% afsláttur

Stanley loftpressur

20% afsláttur

Kerti, kerta-stjakar og luktir

20% afsláttur

Nilfisk háþrýstidælur

20% afsláttur

Veðurspá Fimmtudagur



Austan og norðaustan 13-23 m/s í dag, hvassast syðst en á Vestfjörðum annað kvöld. Rigning í flestum landshlutum og víða talsverð úrkoma síðdegis, einkum suðaustanlands. Heldur hlýnandi. ■

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Beliavsky átti leik gegn Larsen í Sovétríkjunum sálugu árið 1984.

1. Bd6! (lokar flóttaleið drottningarinnar)**. 1...Hxd6 2. c3 Db5 3. Ha5 1-0.** Vignir Vatnar Stefánsson vann aðra einvígisskákina gegn Tiger Hillarp-Persson í fyrradag. Lokaskákin fer fram í dag. B-sveit Breiðabliks er í fyrsta sæti í 2. deild Íslandsmóts skákfélaga. Skákgengið er í öðru sæti og Skákdeild Hauka í því þriðja.
www.skak.is: Einvígi Tigers og Vignis. ■

Krossgáta

LÁRÉTT
1 áríðandi
5 skarð
6 snæðingur
8 klaufaskapur
10 prófgráða
11 deig
12 mest
13 hærri
15 eiginlega
17 safna saman

LÓÐRÉTT
1 aldin
2 raggeit
3 erta
4 nískupúki
7 dyntur
9 skynja
12 frjóangi
14 framkoma
16 sting



LÁRÉTT: 1 brynn, 5 rof, 6 át, 8 ólagni, 10 ma, 11 rök, 12 best, 13 efri, 15 raunar, 17 smala.
LÓÐRÉTT: 1 bromber, 2 rola, 3 yfa, 4 nánös, 7 tíktúra, 9 greina, 12 brum, 14 fas, 16 al.

Sudoku

	1	8		2	4	9		7
		7			6		3	
				8				6
	2	3	5					
	5		6			8		
					2	3	9	
5	7			3	1	4	6	
				4	7		1	
1	9					7		

	9			3			4	2
		5	1		4			6
			8	9			5	
						4	3	
	5				7			
2			9					
3			5			7	1	
		6		2				
			3		8			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. ■

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Eitthvað nýtt og spennandi á náttborðið!

Mikið úrval af nýjum bókum fyrir lestrarhesta á öllum aldri. Komdu og kíktu á úrvalið.

Hvern langar þig að hitta í dag?

Heimskautsbaugur
3.999 kr.

Hjálp!
3.999 kr.



Skuggi ástarinnar
3.999 kr.

Framtíð mannkyns
5.999 kr.

Drengurinn sem dó úr leiðindum
5.199 kr.

Gagn og gaman 1&2 í einni bók
4.699 kr.

Þrautabók ofurhetjunnar 2
2.999 kr.

Hjartað mitt
4.499 kr.

Olía
6.399 kr. verð áður 6.999 kr.

Launsátur
6.599 kr. verð áður 7.299 kr.

Myrkrið milli stjarnanna
6.399 kr. verð áður 6.999 kr.

Hringavitleysa
5.299 kr.

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða er til og með 11.október eða á meðan birgðir endast.
Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

penninn.is
540-2000

Austurstræti
Skólavörðustígur
Laugavegur
Hallarmúli
Kringlan

Mjódd
Smáralind
Hafnarfjörður
Reykjanesbær
Akranes

Ísafjörður
Akureyri
Húsavík
Selfoss
Vestmannaeyjar

Penninn Eymundsson

Reykjavík okkar allra

BÆKUR

Reykjavík barnanna

Margrét Tryggvadóttir og Linda Ólafsdóttir
Útgefandi: Iðunn
Fjöldi síðna: 97

Brynhildur Björnsdóttir

> Reykjavík barnanna er stór og vegleg bók sem tekur sig alvarlega og stendur fyllilega undir því.

Margrét Tryggvadóttir og Linda Ólafsdóttir eiga að baki sérdeilis farsælt samstarf sem meðal annars skilaði okkur Íslandsbók barnanna árið 2016 sem bæði hlaut Barnabókaverðlaun Reykjavíkur og Fjöruverðlaunin það árið auk þess að vera tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki barnabóka.



Nú róa þær á svipuð mið með bókinni Reykjavík barnanna þar sem saga Reykjavíkur er sögð í aðgengilegu máli og sérstaklega þó myndum allt frá því fyrir landnám og fram á okkar daga. Bókin er að sjálfsögðu ekki bara fyrir börn sem búa í Reykjavík heldur skemmtileg heimild um líf á Islandi í fortíðinni, hvernig þéttbýli myndast og þorp verða til. Á hverri opnu er nýtt umfjöllunarefni, ýmist sögulegir viðburðir, yfirlit yfir einstaka borgarhluta og kennileiti eða þjónustu á borð við íþróttafélög og sundlaugar. Þá eiga bæði skólpleiðslur og draugagangur sína kafla, svo dæmi séu tekin um það á hversu mörgum sviðum borgarlífs er snert í bókinni.

Reykjavík barnanna er stór og vegleg bók sem tekur sig alvarlega og stendur fyllilega undir því. Það má samt ekki misskilja þessa fullyrðingu á þann veg að hún sé leiðinleg, þvert á móti eru umfjöllunarefnin afskaplega fjölbreytt og ekki síður fróðleg fyrir fullorðna lesendur en börn.

Texti Margrétar Tryggvadóttur er vel skrifaður, fróðlegur og hæfilega einfaldur fyrir yngri lesendur en það eru myndir Lindu Ólafsdóttur sem gera Reykjavík barnanna að því listaverki sem hún er. Á hverri opnu eru málverk í takt við textann sem lýsa fjölbreyttu mannlífi þar sem sífellt er hægt að finna nýjar sögur og ævintýri og auka þannig við almennan textann með einstökum sögum.

Reykjavík barnanna er fjársjóður fyrir litla og stóra grúskara þar sem þeir geta lifað sig inn í fyrri tíð, velt fyrir sér skipulagsmálum og atvinnuvegum, hvernig borg verður til og hvernig hún þróast og mótast enda er lesendum bent á það í formála að hafa samband við borgarfulltrúa og taka þannig þátt í að móta borgina til framtíðar. ■

NIÐURSTAÐA: Einstaklega fallegt og fróðlegt stórvirki um borgarlíf og sögu fyrir börn og önnur fróðleiksfús.

Árleg gjörningahátíð hefst á Akureyri í dag.

Gjörningar á Akureyri

kolbrunb@frettabladid.is

A! Gjörningahátíð hefst í dag, fimmtudaginn 7. október, klukkan 20 í Listasafninu á Akureyri og stendur til sunnudags. A! er fjögurra daga alþjóðleg gjörningahátíð sem haldin er árlega og nú í sjöunda sinn. Ókeypis er inn á alla viðburði. Dagskrána má sjá á listak.is.

Sérstök dómnefnd valdi úr innsendum umsóknum listamanna og eru fjölbreyttir gjörningar og leikhústengd verk af öllum toga á dagskránni. Þátttakendur eru ungir og upprennandi listamenn, ásamt reyndum og vel þekktum gjörningalistamönnum og leikhúsfólki. Að þessu sinni fara gjörningarnir fram í Listasafninu á Akureyri, Menningarhúsinu Hofi, Deiglunni, Mjólkurbúðinni, Eyjafjarðarsveit og á Ketilkaffi.

Listamennirnir sem koma fram í ár eru: Þóra Sólveig Bergsteinsdóttir og Liv Nome, Anna Richardsdóttir, Egill Logi Jónasson, Sigtryggur Berg Sigmundsson, Snorri Ásmundsson, Brák Jónsdóttir, Steinunn Gunnlaugsdóttir, Hymnodia, Elisabeth Raymond, Amber Smits og Niklas Niki Blomberg, Hombre Rural og Libia Castro, Ólafur Ólafsson og Töfrateymið. ■

Dansararnir stóðu vel undir væntingum allir sem einn og unnu saman sem smurð vél. MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

Ástar- eða hryllingssaga

DANS

Rómeó og Júlía

Þjóðleikhúsið
Danshöfundar og listrænir stjórnendur: Erna Ómarsdóttir og Halla Ólafsdóttir
Tónlist: Sergei Prokofiev, Skúli Sverrisson – Watching Water
Leikmynd: Chrisander Brun
Leikmunir: Erna Ómarsdóttir, Ernst Backman, Halla Ólafsdóttir
Búningar: Karen Briem og Sunneva Ása Weisshappel
Hljóð: Baldvin Þór Magnússon
Ljós: Fjölnir Gíslason
Dansarar: Ásgeir H. Magnússon, Charmene Pang, Emilía B. Gísladóttir, Erna Gunnarsdóttir, Félix U. Alejandre, Saga Sigurðardóttir, Shota Inoue, S. Andrean Sigurgeirsson, Una B. Bjarnadóttir, Védís Kjartansdóttir

Sesselja G. Magnúsdóttir

Rómeó og Júlía eftir Shakespeare hefur verið kölluð ástarsaga allra tíma. Hryllingssaga úr heimi feðraveldisins væri þó kannski frekar réttnefni því í henni eru barnabrúðir viðurkennd leið til að viðhalda valdi og drengir eru aldir upp við að bardagar, hefndir og dauði séu eðlilegur hluti af samfélaginu.

Í sögunni er Júlía komin á giftingaraldurinn þrettán ára gömul og vart farin að hafa á klæðum. Hún er saklaus og nánast barnsleg enda á hún á að vera óspjölluð fyrir verðandi eiginmann sinn, mun eldri mann. Fyrir tíma getnaðarvarna voru barneignir óhjákvæmilegir fylgifiskur kynlífs svo skírlífi tryggði engin börn. Rómeó, líklega einhverjum árum eldri en Júlía, á aftur á móti að kynnast lífi karlmannsins. Að geta barist og haldið heiðri með blóðhefndum er hluti af því og að kynna sér og æfa sig í kynlífi hjá þar til gerðum konum –barneignir þeirra eru ekki umfjöllunarefni í þessari sögu frekar en annars staðar. Í veruleika og söguheimi Shakespeares er því ekki pláss fyrir smáskot unglinga sem eru að uppgötva eigin líkama eftir breytingar kynþroskaaldursins og nýjar og spennandi kenndir. Hvað þá ef fjölskyldur þeirra berjast á banaspjótum um áhrif og völd.

Lögmál dansins

Það er ekki okkar að dæma samfélög fyrri tíma en algjörlega okkar að skoða þau á gagnrýninn hátt út frá okkar siðgæði. Dansverkið Rómeó og Júlía eftir Ernu Ómarsdóttur og Höllu Ólafsdóttur, sem frumsýnt var af Íslenska dansflokknum á Stóra sviði Borgarleikhússinns föstudaginn 1. október, náði á sterkan hátt að sýna okkur söguna með gleraugum okkar samtíma og siðgæðis. Notuð voru lögmál dansins til að koma öllum þáttum sögunnar til skila á táknrænan en þó sannfærandi hátt. Bardagasenur á milli ættanna birtast í hráu ofbeldi, spörkum og kýlingum, þar sem karlar berir að ofan blésu sig út eins og hanar í slagsmálum. Líkamsbeiting þeirra endurspeglaði neikvæða karlmennskuímynd þar sem hroki, yfirgangur og kynferðislegar hreyfingar eins og árásargjarnir mjaðmahnykkir voru áberandi. Óbeisluð veisluhöld þar sem kynferðislegar langanir fengu útrás voru sett á svið. Mitt í þessu öllu birtist ástin í blíðlegri nærveru að reyna að lifa af og sakleysið að finna sér farveg í hörðum heimi.

> Notuð voru lögmál dansins til að koma öllum þáttum sögunnar til skila á táknrænan en þó sannfærandi hátt.

Frumlegir búningar

Erna og Halla eru trúar sögunni og nota til þess tónlist Sergei Prokoviev sem grunn að uppfærslunni. Fyrir þá sem horft hafa á ballettinn við þá tónlist eru senurnar auðþekkjanlegar og stemmingin í hverri þeirra kemst vel til skila þó útfærslan sé gjörólík. Dansinn og líkamleg tjáning er góður miðill til að koma öllu því tilfinningagalleríi sem er í sögunni til skila en krefst um leið sterkrar danssmíði einhvers sem höfundarnir kunna að nýta sér til fulls. Val á hreyfingum, notkun rýmisins og samspil dansaranna varð að vera vel útfært til að merkingin kæmist til skila og þar vantaði ekkert upp á. Í bland við ögrandi og frumlega búninga og stílhreina og sterka leikmynd tókst danssköpunin einstaklega vel. Flæðið í verkinu var gott og hvað eftir annað urðu til töfrandi augnablik sem heilluðu áhorfandann. Meira að segja á meðan myndum var varpað á skjá í seinni hlutanum, greinilega nýttar til sviðskiptingar, hélst stemmingin og heildarflæðið en ljós og reykur hjálpuðu þar til.

Mikill hraði

Eitt af því sem var áhugavert við dansinn var að hefðbundin kynhlutverk voru þurrkuð út. Enginn einn var Júlía eða þá Rómeó heldur tjáði hópurinn þau og tilveru þeirra sem heild. Kvendansararnir voru jafn útbelgdir bardagaseggir og karldansararnir. Val á hreyfiforða var áhugavert. Í upphafi verksins voru sterkar vísanir í ballett, fágaðan og ljóðrænan með yfirstéttarbrag en þegar líða fór á sýninguna og sagan varð alvarlegri fór líkamsbeitingin að verða gróteskari, dansararnir færðust nær gólfinu og dýrslegri líkamstjáning kom í ljós. Allir hlutar verksins voru gífurlega krefjandi fyrir dansarana. Hraðinn var mikill og nánast engin pása því allir voru á sviðinu nær allan tímann. Dansararnir stóðu vel undir væntingum allir sem einn og unnu saman sem smurð vél.

Rómeó og Júlía er heils kvölds ballett með hléi þar sem sagan af unglingunum sem ekki máttu eigast vegna valdabrölts fjölskyldna sinna er sett fram á frumlegan og sterkan hátt. Í dansverkinu er ekki síður einblínt á það samfélag og menningu sem sagan fjallar um en ástir einstaklinganna. Eitthvað sem talar að mínu mati mun sterkar til samtímans. ■

NIÐURSTAÐA: Áhrifamikil sýning þar sem dansformið er nýtt til að koma stórum tilfinningum og válegum atburðum til skila á snilldarlegan hátt. Verkið er bæði kröftugt og á köflum ofsafengið en einnig viðkvæmt og fallegt.

Miklu meira en bara ódýrt

ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali

frá 4.995
Hjólafesting á bíl

Viðgerðar-kollur

Vélagálgi 2T

19.995
Jeppatjakkur 2.25T 52cm

4.895
Viðgerðarbretti

4.795
Hjólatjakkur 2T m/tösku

1.999
Álskóflur

9.985
Vélastandur 500kg

19.995
AirBrush loftdæla

6T Búkkar 605mm Par
9.999

frá 1.495
Startkaplar

4.995
Hleðslutæki 12V 6A

frá 795
Mikið úrval af verkfæratöskum

39.995
Verkfæraskápur á hjólum

99.999
Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum

Steðjar í miklu úrvali

7.995
1/2 Toppasett

3.995
1/4 Toppasett

Vice Multi angle
6.985

14.995
1/2+1/4 Toppasett Kraft-mann 94stk

5.995
Verkfærasett 108 stk

4.995
Skrall-lyklar 8-17

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/ 4/5/6/8 tengla

15.995
Ranamyndavél

Bensínbrúsar í miklu úrvali

9.999
Kælibox 26L 12v/230v

Verðmæta-skápar
frá 5.995

Lyklabox í miklu úrvali

4.995
Verkfærasett

Hunda-festingar

1.995
Burstasett í borvél

frá 995
Lím-byssur

Vasaljós og lugtir, yfir 30 gerðir

Vindsængurpumpur

frá 1.995

13.995
Flísasög 80mm

1.995
Tjaldstæðatengi

Hitablásarar

9.999
Silverline LI-ion 18V hleðslubor-vél 13mm

5.999
Fjölsög Höfftech

Rafmagnsvírtalíur í miklu úrvali

Útskurðarsett

24.995
Súluborvél 350W

19 .995
Metabo KS216 bútsög

Garðverkfæri í miklu úrvali

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:

Listverslun.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2020

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Fimmtudagur

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Mannamál Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
19.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
20.00 Sir Arnar Gauti Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.

RÚV Sjónvarp

11.00 Heimaleikfimi
11.10 Kastljós
11.25 Menningin
11.35 Á tali hjá Hemma Gunn 1987-1988
12.45 Út og suður
13.10 Veröld Ginu
13.40 Popppunktur 2010
14.30 Heilabrot
15.00 Gestir og gjörningar
16.00 Landinn
16.30 EM stofan
16.50 Undankeppni EM kvenna í handbolta
18.30 EM stofan
18.50 Táknmálsfréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.05 Tónatal Önnur þáttaröð þessara leiknu þátta frá BBC um skilnaðarlögfræðinginn Hönnuh Stern sem nýtur velgengni í starfi en fjölskyldulífið reynist henni heldur flóknara. Aðalhlutverk: Nicola Walker, Stephen Mangan og Annabel Scholey. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
21.05 Klofningur
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Babýlon Berlín
23.15 Saknað – Fyrri hluti Bogesund er afskekktur smábær í miðju hins svokallaða biblíubeltis í Svíþjóð. Lífið þar er fábrotið og tilbreytingarlaust þar til dag einn að lík ungrar konu finnst og önnur ung kona hverfur stuttu síðar. Maja Silver yfirlögregluþjónn í Stokkhólmi er nýkomin til heimabæjar síns og er fengin til að stjórna rannsókninni. Sannleiksleit hennar kemur illa við marga bæjarbúa sem hafa auðveldlega getað falið leyndarmál sín til þessa. Svo virðist sem kirkjan ráði ríkjum í bænum. Aðalhlutverk: Helena Bergström, Johan Hason Kjellgren og Mattias Nordkvist. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.
00.45 Dagskrárlok

Stöð 2 Golf

08.25 LPGA Tour 2019
10.55 2021 Legends Tour- Highlights
12.00 European Tour 2021
17.00 2021 PGA Tour Champions Learning Center
17.20 PGA Tour: The Cut 2021
18.00 LPGA Tour 2021
21.00 PGA Tour 2021

Sjónvarp Símans

06.00 Tónlist
12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show with James Corden
14.00 The Block
15.05 The Bachelorette
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show with James Corden
19.05 The Block
20.10 The Unicorn Gamanþáttaröð um mann sem er ekkill og einstæður faðir tveggja dætra. Ári eftir andlát eiginkonunnar fer hann að prófa stefnumót á nýjan leik.
20.35 Missir Áhrifamikil og vönduð íslensk þáttaröð. Sorg er viðbrögð við missi og ef við ætlum að elska verðum við að syrgja. Í þáttaröðinni hittum við fyrir fólk sem hefur gengið í gegnum sorg og missi. Lært að lifa með sorginni, unnið sig í gegnum áfallið og eignast gott og hamingjusamt líf.
21.10 The Resident
22.00 Walker
22.45 Reprisal
23.30 The Late Late Show with James Corden
00.15 The Equalizer
01.00 Billions
01.45 The Handmaid's Tale
02.35 The Walking Dead
03.20 Tónlist

RÚV Rás eitt

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Sankti María, sestu á stein
15.00 Fréttir
15.03 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hljómboxið
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sinfóníutónleikar
21.00 Mannlegi þátturinn
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir

Stöð 2 Bíó

10.45 Love on Iceland
12.10 Five Feet Apart
14.05 The Hummingbird Project
15.50 Love on Iceland
17.15 Five Feet Apart
19.10 The Hummingbird Project
21.00 Sherlock Holmes
23.00 The Last Full Measure
00.55 Line of Duty
02.30 Sherlock Holmes

Stöð 2

08.00 Heimsókn
08.15 The Mentalist
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Grey's Anatomy
10.05 Gilmore Girls
10.50 Ísskápastríð
11.20 Friends
11.40 Vitsmunaverur
12.35 Nágrannar
12.55 God Friended Me
13.35 Modern Family
13.55 Shipwrecked
14.45 Home Economics
15.05 12 Puppies and Us
16.05 10 Ways To Lose 10 Years
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Patrekur Jamie: Æði Þriðja þáttaröð þessa skemmtilegu raunveruleikaþátta um samfélagsmiðlastjörnuna og áhrifavaldinn Patrek Jaime sem er fæddur og uppalinn á Akureyri en á ættir að rekja til Chile. Við höldum áfram að fylgjast með Patta og vinum hans Bassa Maraj og Binna Glee.
19.25 Temptation Island Stórskemmtilegir raunveruleikaþættir þar sem ástin er í aðalhlutverki. Hér ferðast fjögur pör til sannkallaðrar parardísareyju þar sem lífið er sannarlega ljúft fyrir utan eitt stórt verkefni, það er að horfast í augu við það hvort undirstaða sambanda þeirra sé nægilega sterk til að þau standist freistingarnar þegar í land er komið.
20.10 Hell's Kitchen
20.55 NCIS: New Orleans
21.35 Real Time With Bill Maher
22.35 Wentworth
23.25 Dr. Death
00.10 Animal Kingdom
00.55 Beartown
01.50 The Mentalist
02.35 Gilmore Girls
03.15 Friends
03.35 Modern Family
04.00 Shipwrecked

Stöð 2 Sport

07.15 Haukar - Sindri
08.55 Meistarakeppni karla: Þór Þ. - Njarðvík
10.35 Meistarakeppni kvenna: Valur - Haukar
12.15 Körfuboltakvöld karla 2021/2022
13.35 Fjölnir - Breiðablik
15.15 Haukar - Njarðvík
17.00 Körfuboltakvöld kvenna 2021/2022
18.05 Njarðvík - Þór Þ.
20.05 Stjarnan - ÍR
22.00 Tilþrifin 1. umferð 1.umferð - 7. október 2021
22.45 Körfuboltakvöld kvenna 2021/2022
23.40 Njarðvík - Þór Þ.

Stöð 2 Sport 2

08.00 Ítalía - Spánn
09.40 Coventry - Fulham
11.20 Zorya Luhans - Roma
13.00 Atalanta - Young Boys
14.40 Manchester United - Villarreal
16.25 Fréttaþáttur undankeppni HM 2022
16.50 Ítalía - Spánn
18.35 Belgía - Frakkland
20.35 The Fifth Quarter
20.50 NFL Gameday 21/22
21.20 Bayern - Dynamo Kiev
23.00 Belgía - Frakkland

15% afsláttur
á öllum hægindastólum
og borðum frá Carl Hansen

CARL HANSEN & SØN
PASSIONATE CRAFTSMANSHIP

REPUBLIC OF **Fritz Hansen**

15% afsláttur
á öllum borðum
og Fri og Ro hægindstólum
frá Fritz Hansen

Þrír sérfræðingar

Verða verslun okkar Skeifunni 6,
um helgina, 6.-9. október.

epal

Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is

Montana

15% afsláttur
á öllum Montana hillum

20% afsláttur
á Kevi skrifborðsstólum

Daniel Craig dregur Bond út úr kófinu og kveður að því loknu. MYND/AÐSEND

Bond verður ekki í hel komið

Njósnari hennar hátignar Elísabetar II., James Bond, er einu og hálfu ári of seinn þegar hann snýr loks aftur í bíó í No Time to Die, sem er svanasöngur Daniels Craig í hlutverki Bonds, sem mætir til leiks án númersins 007 sem hann hefur misst í hendur konu.

toti@frettabladid.is

James Bond hefur oft látið aðdáendur sína bíða eftir sér en sennilega hafa þeir aldrei verið jafn óþreyjufullir þar sem frumsýna átti 25. Bond-myndina, No Time to Die, í apríl á síðasta ári áður en öfl sem sjálfur James Bond ræður ekkert við slepptu Covid-19 lausu yfir heimsbyggðina.

No Time to Die er fimmta og síðasta Bond-mynd leikarans Daniels Craig, sem þó virðist hafa ætlað að kveðja með heilmiklum hvelli og stæl eftir að hafa lýst því yfir, eftir fjórar myndir, að hann væri spenntari fyrir því að skera sig á púls en leika Bond enn einu sinni.

Hann dró þessi orð síðar til baka og fátt bendir til annars en að hann muni kveðja með heilmiklum hvelli og stæl. Gagnrýnendur hafa tekið No Time to Die fagnandi, auk þess sem ákveðið mynstur í Bond-myndum Craigs bendir eindregið til þess að þessi mynd eigi að vera góð.

Craig fór feykivel af stað með frábærri endurræsingu myndabálksins í Casino Royale 2006. Síðan kom hin ömurlega Quantum of Solace, sem hlýtur að teljast með allra slökustu Bond-myndunum. Þá blandaði eðalleikstjórinn Sam Mendes sér í málið með glæsilegri 50 ára afmælisveislu myndabálksins í Skyfall, en missti síðan dampinn í Spectre sem olli nokkrum vonbrigðum, þannig að samkvæmt þessu er komið að góðri Bond-mynd.

Það leyndi sér varla að Daniel Craig hundleiddist í Spectre, sem benti til þess að hann ætlaði að kveðja Bond með hangandi hendi. No Time to Die hefst eiginlega í beinu framhaldi af bæði Spectre og afstöðu leikarans að henni lokinni.

Nokkur ár eru síðan Bond kom erkióvini sínum, Blofeld, undir manna hendur. Bond er hættur störfum hjá MI6 og nýtur eftirlaunanna á Jamaíka og hefur því eðlilega verið sviptur kennitölunni 007 og leyfinu til að drepa, þegar gamall félagi, Felix Later frá CIA, fær hann til þess að taka upp fyrri hætti í einu endanlegu lokaverkefni.

Að hafa hendur í hári Safin, snarbilaðs náunga, sem venju samkvæmt ætlar að tortíma heiminum. Rami Malek leikur sótraftinn þann og er hvergi nærri jafn geðþekkur og Freddie Mercury, sem Malek lék með tilþrifum fyrir nokkrum árum. ■

Sjöfaldur Moore

Af þeim sex leikurum sem hafa tekið hlutverk Bonds að sér birtist Roger Moore í sjö myndum og heldur enn metinu, þar sem Daniel Craig lætur staðar numið við fimm. Moore eyddi 4.348 dögum sem 007 en Craig toppar hann í dagatalinu með 4.348 daga eftir No Time to Die.

Afkastamikill morðingi

Talnaglöggum telst til að James Bond hafi drepið um 405 skúrka og fúlmenni í myndabálkinum frá því Sean Connery reið á vaðið í Dr. No 1962. Pierce Brosnan hefur reynst banvænasti Bondinn, með 135 dráp í aðeins fjórum myndum. George Lazenby náði fimm manns í sinni einu mynd, Timothy Dalton 23 í tveimur myndum. Roger Moore kom 90 manns í gröfina og sálgaði til dæmis aðeins einum, manninum með gylltu byssuna, í samnefndri mynd.

Ungfrú 007

No Time to Die þykir ganga lengst, hingað til, í viðleitninni til þess að hrista karlrembuslepjuna af Bond enda almennt talið löngu tímabært að hann stígi báðum fótum yfir í 21. öldina. Merkingarbærasta breytingin að þessu sinni er að flytja einkanúmer Bonds yfir á Nomi, sem Lashana Lynch leikur, enda ærðust einhverjir óstöðugir við þetta. Barbara Broccoli, framleiðandi myndanna, segir löngu tímabært að fólk átti sig á og kyngi því að tímarnir eru breyttir og bendir á að fyrsta bókin um Bond var skrifuð 1952 og að fyrsta myndin hafi komið út 1962.

Nauðgari hennar hátignar

Cary Fukunaga, leikstjóri No Time to Die, talar enga tæpitungu þegar hann gerir upp skuggalega fortíð Bonds í gömlu myndunum og segir hann í raun hafa verið nauðgara í elstu myndunum. Þannig að þótt upprunalegi Bondinn, Sean Connery, sé enn sá besti að margra mati, þola myndir hans nútímaviðhorf illa og Fukunaga nefnir til dæmis atriði í Thunderball þar sem ágengur Bond tekur nei engan veginn sem svar og fær sitt fram með ýtni og yfirgangi. „Þetta myndi ekki ganga í dag.“

Alltaf blindfullur

James Bond er annálaður ofdrykkjumaður og engin hætta á öðru en að í raunveruleikanum væri lifrin í honum handónýt, taugakerfið í henglum og hann sjálfsagt dauður úr drykkju. Daniel Craig er drykkfelldasti Bondinn hingað til, eftir að hafa sturtað í sig 85 áfengiseiningum í fjórum myndum. Hann er til dæmis með 26 drykki í Casino Royale og vitaskuld mest í brenndum vínum. Einna helst vodka martini, hristum en ekki hrærðum. Craig tók hins vegar upp á að sulla í Heineken-bjór í Skyfall og Spectre sem þótti næstum jafn alvarlegt stílbrot og að úthluta konu 007. Hristur, hrærður, dauður.

Erkifjandinn

Bond hefur tekist á við halarófu af mikilmennskubrjáluðum illmennum í gegnum tíðina og þótt margir vilji meina að hinn gullóði Goldfinger sé besti Bond-skúrkurinn getur enginn annar en Ernst Stavro Blofeld, stofnandi S.P.E.C.T.R.E., talist hinn eini sanni erkióvinur. Blofeld kemur fyrir í nokkrum bókum og myndum þar sem hann er eftirminnilegastur í You Only Live Twice í meðförum Donalds Pleasence þar sem hann strauk hvíta kettinum ofan í óvirkum eldfjallagíg í Japan. Christoph Waltz tók síðast ágætis snúning á Blofeld í Spectre, vitaskuld, og eitthvað mun skína í rúnum rist smetti hans í No Time to Die.

Recharge yourself

Forsalan hefst í dag!

MG MARVEL R PERFORMANCE
fjórhjóladrifinn og 100% rafdrifinn

Fágaður
Greindur
Vel tengdur

Velkomin í rými sem getur orðið þitt eigið. Þar sem hönnunin tekur mið af framtíðinni og tilveran er kraftmikil og traust. Við bjóðum þér MG Pilot með öryggi í fremstu röð, áreiðanleika og 370 km* WLTP drægni. Við færum þér hugmyndaheim hönnunar sem snýr tæknihliðinni inn og mannlegu hliðinni út. Velkomin í 100% rafknúinn akstur án útblásturs. Velkomin í heim frelsis og ævintýra.

MG MARVEL R PERFORMANCE 100% rafdrifinn, fjórhjóladrifinn, 7 ára ábyrgð! – Verð frá: 6.990.000 kr.

mgmotor.is

*Uppgefnar tölur um drægni taka mið af nýjum WLTP prófunum. Aksturslag, hitastig og ástand vega hefur afgerandi áhrif á drægni rafbíla. ENNEMM / SÍA / NM007647

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

VERTU VAKANDI Í FYRSTA SKIPTI Á ÆVINNI

Komdu til okkar og prófaðu einstök gæði Hästens rúmanna. Starfsfólk okkar er tilbúið að aðstoða þig og veita frekari upplýsingar.

Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni. Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið. Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn. Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

Hästens
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
FAXAFENI 5, REYKJAVÍK
588 8477

Betra BAK

Þótt hann búi ekki við Nørregade er Sæþór býsna lunkinn bakari sem heyr tilfinningaríka keppni í dönsku sjónvarpi. MYND/AÐSEND

Bakar fyrir látna móður sína

Sæþór Kristinsson er fulltrúi Íslands í tíundu seríu af raunveruleikaþættinum Den store bagedyst í Danmörku, þar sem hann hefur búið síðan hann var sjö ára. Hann tileinkar sjónvarpsbaksturinn móður sinni, Kristínu Steingrímsdóttur, sem lést í janúar úr krabbameini.

odduraevar@frettabladid.is

„Þetta er búið að vera klikkað," segir Sæþór léttur í bragði. Fyrsti þátturinn í seríunni var sýndur síðasta laugardag en upptökur hófust í apríl og segist Sæþór hafa bakað á svo til hverjum einasta degi.

„Þetta var gríðarlega krefjandi," segir Sæþór. Hann segir móður sína Kristínu hafa bakað mikið. „Þegar ég var barn bakaði hún pönnukökur eða snúða á hverjum einasta sunnudegi og þegar ég var lítill bakaði hún með okkur í eldhúsinu."

Bakaði fyrir dóttur sína

Sæþór viðurkennir þó að hann hafi ekki séð fyrir sér að verða einhvern daginn keppandi í slíkum þætti. „Þegar ég eignaðist dóttur mína, sem verður níu ára í janúar, vildi ég baka með henni og ég vildi geta bakað kökur fyrir hana á afmælinu sem gætu gert vini hennar öfundsjúka," segir Sæþór.

Þá hafi ekki verið aftur snúið. „Mamma mín veiktist af krabbameini og hún hafði alltaf trúað mjög mikið á okkur systkinin. Ég á fimm systur og mamma hafði alltaf sagt við okkur að sama hvað við myndum taka okkur fyrir hendur, þá gætum við það og ættum að gera það."

Sæþóri er margt til lista lagt en hann starfar sem mannauðsstjóri og CrossFit-þjálfari þegar hann er ekki að leika listir sínar við hrærivélina.

Maður lifir aðeins einu sinni

Hún hafi minnt Sæþór á að hann lifi bara einu sinni og hvatt hann til að skrá sig, sem hann gerði í desember, mánuði fyrir fráfall hennar. „Og jarðarförin hennar fór fram fjórum dögum fyrir fyrstu prufurnar. Og hún var drifkrafturinn og hvatti mig áfram, því ég vissi að hún myndi verða svekkt ef ég myndi ekki slá til, því hvað gæti verið það versta? Að fá nei! Sem gerðist svo ekki," segir Sæþór hughrifinn.

Sæþór segir að þátttakan hafi því verið sér ákaflega þýðingarmikil. Tökurnar hófust í febrúar og getur Sæþór ekki sagt meira, þar sem fyrsti útsláttarþátturinn verður sýndur næsta laugardag.

> Mamma mín veiktist af krabbameini og hún hafði alltaf trúað mjög mikið á okkur systkinin.

„Þannig að þetta er minn virðingarvottur við hana," segir Sæþór. Hann horfði á fyrsta þáttinn með fjölskyldu sinni síðasta laugardag og segist afar spenntur fyrir því að hún sjái framhaldið. ■

Ferðast óhrædd og óbólusett

odduraevar@frettabladid.is

Margrét Friðriksdóttir segir að óbólusettir muni ekki láta neinn bilbug á sér finna í haust og ferðast eins og þá lystir. Fréttablaðið tók stöðuna á Margréti í ljósi þess að æ fleiri treysta sér nú að nýju til ferðalaga, þrátt fyrir að flest lönd geri ríkar kröfur um ýmisleg vottorð og vesen.

„Ég þekki nú marga sem eru óbólusettir og þeir eru ekki að láta þetta stoppa sig í ferðalögunum," segir Margrét, sem sjálf kom nýverið heim úr fríi á Tenerife með dóttur sinni. Nokkrum dögum eftir að heim var komið fengu þær hins vegar sekt upp á hundrað þúsund krónur þar sem þær fóru



Margrét Friðriksdóttir

ekki í skimun fyrir heimferð. Hún segir slíkt ólöglegt og brjóta gegn stjórnarskránni.

Margrét segist hafa heyrt af óbólusettum ferðamönnum án skimunarvottorða sem hafi verið skóflað aftur heim. „Þetta er allavega stjórnarskrárbrot," segir hún. „Það er náttúrulega verið að mismuna fólki út frá einhverri bólusetningu sem stenst nú ekki einu sinni væntingar."

Aðspurð hvort óbólusettir láti ekki slíkar kvaðir stöðva sig segir Margrét það af og frá. „Nei, þetta er nefnilega ekki hrædda fólkið. Hrædda fólkið eru þessir bólusettu og jafnvel þessir sem eru búnir að fara í þriðja skammtinn, og jafnvel fjórða og fimmta og ganga um með grímur og svo framvegis. Það er hrædda fólkið."

Ljóst sé að sífellt fleiri sæki í stuttar utanlandsferðir þrátt fyrir að sóttvarnayfirvöld hafi mælt gegn því að fólk ferðist til útlanda. „Það þýðir heldur ekki að lifa í ótta. Það veikir ónæmiskerfið að lifa í ótta og fólk ætti að huga að því líka." ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

BYKO

Gerðu frábær kaup!

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

MARKAÐSDAGAR

Komdu og gramsaðu!

Fjöldi tilboða á markaðsdögum. Bætum við nýjum vörum daglega.

PHOENIX

REIÐHJÓL 28"

28" götureiðhjól sem hentar vel til hjólreiða innanbæjar. 6 gírar Shimano.

-27%

Vnr. 49620200

21.000

Almennt verð: 28.995

Þú sparar: 7.999

KENT
A century of cycling

REIÐHJÓL CROSSTOUR

Götuhjól með fram og afturbretti, bögglabera og 21 gíra micro shift twist skiptir.

-27%

Vnr. 49620153

51.000

Almennt verð: 68.995

Þú sparar: 17.995

LUX TOOLS

SKRÚFVÉL

Rafhlöðudrifin og létt skrúfvél með snúningshraða frá 0-200 sn/mín, auðvelt er að stjórna krafti vélarinnar.

-28%

Vnr. 68301319

3.500

Almennt verð: 4.855

Þú sparar: 1.355

Allar áltröppur á 20-40% afslætti

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

Bakþankar

Stefáns Ingvars Vigfússonar

Halda áfram

Ég er kominn á þá skoðun að 40 stunda vinnuvika sé svik við manneskjuna, það er brjálæði að vinna átta tíma á dag, fimm daga vikunnar og sitja uppi með tvo daga þar sem við erum krafin um að hlúa að okkur, sinna áhugamálum, rækta sambönd, hvílast, heimsækja ömmu, fara í bústað, kíkja á tónleika eða í leikhús, sitja á kaffihúsi, drekka okkur full, borða þynnkumat og horfa á Squid Game eins og það leggur sig til þess að vera umræðuhæf á kaffistofunni.

Síðan þarf líka að horfa á Silfrið, mótmæla spillingu, fara í kaffi til mömmu og pabba þar sem er bannað að tala um pólitík af því að við (lesist ég, Stefán Ingvar) erum svo ósammála bróður okkar. Fara fínt út að borða með Hófí kærustunni okkar (ok, þetta er kannski minna almennt en ég sá fyrir mér), skipuleggja ferðir til útlanda, ræða barneignir og endurfjármögnun og uppgreiðslugjald og James Bond myndina og heimsækja tengdó vestur í Súgandafjörð.

Skúra, skrúbba og bóna, þvo þvott, elda mat, velja hillu inn í stofu, setja hilluna saman, fá lánuð verkfæri frá Alberti, drekka kaffi með honum og Gígju, djóka eitthvað í börnunum þeirra, reyna að hengja hilluna upp, fá Albert til þess af því að við erum svo óverkleg og fá lánaðan bíl til þess að fara með gömlu hilluna í Góða hirðinn.

Í vinnunni minni þarf ég að senda tölvupósta, búa til kostnaðaráætlun – kannski mánaðarlega, skrifa brandara og segja brandara. Í vinnunni er ég með fimm verkliði en í einkalífinu eru þeir allavega þrjátíu. Eðlilegt fyrirkomulag væri að vinna tvo daga og sinna sjálfum okkur í fimm. Hvernig útfærum við það? Ekki. Hugmynd. Það kemur mér ekki við en ég er viss um að hagfræðingar Samtaka atvinnulífsins og verkalýðsfélaganna gætu komist að einhverri málamiðlun. ■

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN Í MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Sjö, níu, þrettán

Forskráning í fullum gangi!

Vertu með þeim fyrstu sem næla sér í iPhone 13, smelltu þér á forskráningarlista á nova.is og við látum þig vita þegar græjan lendir hjá Nova!

STÆRSTI SKEMMTISTAÐUR HEIMS

NOVA

nova.is